# FRÉTTABLAÐIÐ

209. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 8. SEPTEMBER 2015




**Biðin á enda** Blikar fögnuðu innilega er Íslandsmeistaratitillinn var í höfn eftir 1-2 sigur á Þór/KA fyrir norðan. Þetta er fyrsti meistaratitill kvennaliðs Breiðabliks í tíu ár. Fréttablaðið/Auðunn

# Náðu samningum við stærstu skipafélög heims

**Marorka hefur á hálfu ári samið við nokkur stærstu skipafélög heims. Nú er búnaður Marorku til orkustjórnunar nýttur af 65 skipafélögum víða um heim.**

**VIÐSKIPTI** Tæknifyrirtækið Marorka, sem sérhæfir sig í orkustjórnun í sjávarútvegi og flutningum, hefur á síðastliðnum mánuðum undirritað samninga um uppsetningu og umsjón hugbúnaðar fyrirtækisins við nokkur af stærstu skipafélögum heims. Orkustjórnunarbúnaður Marorku er því í dag um borð í mörg hundruð skipum, sem mörg hver eru tugfalt stærri en flaggskip íslenska kaupskipaflotans. Í heildina nær samstarf Marorku til 65 skipafélaga um allan heim.

Á síðustu vikum hefur Marorka undirritað samninga við tvö stór skipafélög. Fyrst skal nefna Nordic Tankers – rótgróið danskt félag sem starfrækir 66 olíuflutningaskip. Þá skal nefna Abu Dhabi National Tanker Co/National Gas Shipping Company (ADNATC/NGSCO), sem á og gerir út flota olíu- og gasflutningaskipa.

Í lok júní samdi Marorka við Mideast Ship Management Ltd. um að setja upp orkustjórnunarkerfi í 26 olíuflutningaskipum fyrirtækisins. Fyrirtækið er að fullu í eigu The National Shipping Company of Saudi Arabia (Bahri), eins allra stærsta skipafélags heims. Þá tilkynnti Marorka í febrúar um samning við annað af stærstu gámaflutningaskipafélögum heims - United Arab Shipping Company (UASC) um uppsetningu orkustjórnunarkerfa í skipakost þess.

> **Ég sé fyrir mér að við þurfum að fjölga hjá okkur hámenntuðum forriturum og verkfræðingum, sem verða að stærstum hluta við vinnu í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi.**
>
> Ole Skatka Jensen, forstjóri Marorku



Net útibúa Marorku hefur verið stækkað markvisst árin 2014 og 2015 – þróun sem mun halda áfram allt næsta ár. Á þeim tíma hefur Marorka opnað skrifstofur í Kaupmannahöfn og Singapúr – eins í Dúbaí í janúar síðastliðnum og þá var útstöð fyrirtækisins í Aþenu í Grikklandi styrkt. Bráðlega verða opnaðar skrifstofur í Suður-Kóreu og Kína.

Ole segir að virði einstakra samninga sé trúnaðarmál en viðurkennir fúslega að samningar við stærstu skipafélög heims á stuttum tíma gefi Marorku mikil tækifæri til sóknar á næstu misserum.

„Við erum að mæta þessu með því að fjölga starfsmönnum og opna skrifstofur á lykilstöðum. Ég sé fyrir mér að við þurfum að fjölga hjá okkur hámenntuðum forriturum og verkfræðingum, sem verða að stærstum hluta við vinnu í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi,“ segir Ole.

**– shá /** **sjá síðu 4**



**Alma Goodman semur nú fyrir söngkonuna Brooke Adams.**

## Alma vinnur með Scott Storch

**LÍFIÐ** Söngkonan og lagahöfundurinn Alma Guðmundsdóttir, einnig þekkt sem Alma Goodman, vinnur nú með hinum heimsþekkta upptökustjóra og taktsmið Scott Storch. Í síðustu viku hófu þau vinnu við lög fyrir söngkonuna Brooke Adams.

„Scott byrjaði á því að pródúsera lag sem ég var búin að semja með henni og það var gaman að heyra hvað hann tók það á „næsta level“, en Brooke er einmitt að fara að taka upp sitt fyrsta myndband við það lag eftir tvær vikur. Hann gerði svo „track“ við ballöðu sem ég samdi texta og laglínu við og ég bíð spennt eftir að heyra það lag fullklárað,“ segir Alma í samtali við Fréttablaðið. **– kak /** **sjá síðu 24**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Illugi Gunnarsson fjallar um alþjóðadag læsis. 12

**SPORT** Körfuboltalandsliðið mætir Serbum í dag. 14

**MENNING** Djassstandardar á Kexi hosteli í kvöld. 21

**LÍFIÐ** Fagnaðarlæti knattspyrnulandsliðsmannanna á næturlífinu kortlagt. 26





## Veður



Í dag, þriðjudag, er útlit fyrir stífa suðaustanátt með rigningu um landið sunnan- og vestanvert, en hægara og jafnvel sólarglætur fyrir norðan og austan. Um kvöldið kemur fyrsta alvöru haustlægðin og hvessir þá heldur og bætir í úrkomuna. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast norðaustan til.

# Dýralíf í miðbænum



**Setið á bekk** Ungur Íslendingur hlammaði sér á bekk við Laugaveg í gær og fylgdist með mannlífinu. Fréttablaðið/Anton

## Skoða 110 metra háar vindmyllur

**ORKUMÁL** Fallorka á Akureyri hefur látið kanna hagkvæmni þess að reisa 110 metra háar vindmyllur á tveimur stöðum í Eyjafirði, Í Hörgárdal og sunnan Hrafnagilshverfis í Eyjafjarðarsveit. Verkfræðistofan Efla hefur unnið hagkvæmniúttektina fyrir Fallorku og koma þessir staðir best út í Eyjafirði.

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri Fallorku, segir vindmyllurnar framleiða jafn mikið rafmagn og þær sem standa við Búrfell. Þær vindmyllur eru lægri en sökum stöðugri vinda á hálendinu þyrftu eyfirsku vindmyllurnar að vera stærri í sniðum til að ná sömu framleiðslu. Dalvíkurbyggð boðar í dag til fundar í menningarhúsinu Bergi undir yfirskriftinni Orkumál og smávirkjanir. Þar mun Andri fara yfir þessa skýrslu.



„Þessar vangaveltur eru aðeins á hugmyndastigi og við létum kanna veðuraðstæður í Eyjafirði og skoða hvaða staðir henta best fyrir vindmyllur á svæðinu, þar skoðuðum við aðallega tvo staði. Í framhaldi fundarins mun stjórn Fallorku svo kynna sér efni skýrslunnar,“ segir Andri.

Nú nýlega gerði Fallorka samkomulag við þýska fyrirtækið EAB New Energy Gmbh um að skoða samstarf fyrirtækjanna við uppsetningu vindmyllugarða í Eyjafirði. Fyrirtækið erlenda komst í fréttirnar nýverið fyrir að bjóða sveitarfélögum peningaupphæðir og ýmiss konar vilyrði ef þau leyfðu uppbyggingu vindorkugarða á sínu umráðasvæði. – sa

## Ákærður fyrir að stela hraðasektum

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært lögreglumann á Austurlandi fyrir fjárdrátt, fjársvik og rangar sakargiftir í opinberu starfi. Manninum er gefið að sök að hafa dregið að sér hátt í eina milljón króna, fé sem hann hafði af ferðamönnum sem hann sektaði ólöglega.

Lögreglumaðurinn er ákærður fyrir að hafa stillt í mörgum tilfellum hraðamæli bíls síns ranglega á kyrrstöðu og sektað svo ökumenn fyrir að hafa ekið mun hraðar en þeir í raun og veru gerðu. Þá sektaði hann einnig ökumenn sem keyrðu yfir löglegum hámarkshraða um mun hærri upphæðir en lög leyfa. Lögreglumanninum er þá gefið að sök að hafa stungið gróðanum í vasann.

Ríkissaksóknari fer fram á að maðurinn verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. – skh / þea

# Vallarstjóri segir ekki halla á fótboltastelpur

**Stelpur í yngri flokkum fótbolta hafa fengið að spila oftar á Kópavogsvelli en strákar síðustu ár, að sögn Ómars Stefánssonar, forstöðumanns íþróttavalla í bæjarfélaginu. Ómar segir að hann leggi sig fram og sér sárni umræða um misrétti.**

**JAFNRÉTTI** Ómar Stefánsson, forstöðumaður íþróttavalla í Kópavogi, segir fráleitt að stelpum sé mismunað á Kópavogsvelli. Þær fái að spila oftar en strákar á vellinum og vísar hann í tölfræði um leiki á heimasíðu KSÍ.

Margrét María Hólmarsdóttir, þjálfari 5. flokks kvenna hjá Breiðabliki, skrifaði harðorðan pistil á Facebook á sunnudag um að flokkur hennar hefði ekki fengið að keppa úrslitaleik sinn á vellinum í fyrra. Hún segir að drengjaliðinu sama flokks hjá Breiðabliki hefði fengið að spila úrslitaleik sinn á vellinum í fyrra.

„Mér finnst að Kópavogsbær eigi að skammast sín fyrir þessi vinnubrögð. Með þessari ákvörðun sinni, hvort sem þeim líkar það betur eða verr, er verið að mismuna kynjum. Þetta eru börn sem eru jafn gömul, leggja jafn mikla vinnu á sig og eiga jafn mikið skilið að spila á aðalvelli félagsins. Það er ekki hægt að segja stelpunum okkar það, að ástæða þess að þær fá ekki að spila á vellinum sé sú að þetta sé ekki „Derby-slagur“,“ segir Margrét María í pistli sínum.

„Við höfum aldrei mismunað strákum og stelpum á vellinum, svo það sé tekið skýrt fram. Það hallar á strákana í nærri öllum flokkum og Kópavogsbær hefur staðið sig áberandi best í jafnréttismálum, ég fullyrði reyndar að við berum höfuð og herðar yfir aðra á landinu í þessum efnum.“

Ómar segir erfitt að fylgjast með umræðunni í ljósi þess að hann hafi lagt sig fram um að vanda vinnubrögðin. „Ég hef vandað mig við það í fjölda ára að spyrja í hvert sinn sem beiðni berst um keppni á vellinum frá flokki stráka, hvort stelpurnar komi ekki líka. Ég hef aldrei spurt að þessu þegar stelpur biðja um að keppa, því ég veit að strákarnir koma líka.“



Ómar Stefánsson viðurkennir að hafa gert mistök hvað varðar svokallaða Derby-viðureign á Kópavogsvelli en segir gagnrýni ekki eiga rétt á sér. Fréttablaðið/Daníel

> Það hallar á strákana í nærri öllum flokkum og Kópavogsbær hefur staðið sig áberandi best í jafnréttismálum, ég fullyrði reyndar að við berum höfuð og herðar yfir aðra á landinu í þessum efnum.
>
> Ómar Stefánsson, forstöðumaður íþróttavalla í Kópavogsbæ

Hann viðurkennir þó að hafa gert mistök hvað varðar svokallaða Derby-leiki. „Einu mistökin sem ég hef gert eru varðandi þessa Derby-leiki,“ segir Ómar.

Inni á vef KSÍ eru upplýsingar um leiki félaga á Kópavogsvelli og hægt að greina stöðuna á milli ára. Ef rýnt er í hlutföllin síðustu fimm ár, sést að stúlkur í þriðja og fjórða flokki spila oftar á vellinum en strákar en sjaldnar í fimmta flokki.

Ómar segir stöðuna enn betri stelpum í vil þegar tekið er tillit til Símamótsins, stærsta knattspyrnumóts kvenna sem haldið er á íþróttavöllum Kópavogs.

kristjanabjorg@frettabladid.is





LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju

**Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmí**

15% afsláttur af öllum bragðtegundum af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg

**15% afsláttur**

Gildir til 30. september 2015



Nýtt hjá Nova

# Hej alle i hopa!

## Stórlækkað verð á Norðurlöndum!

Við kynnum nýjan Ferðapakka sem felur í sér að nú kostar minna að nota Nova farsíma í útlöndum. Mest er lækkunin ef farsíminn er notaður á Norðurlöndum. Ferðapakkinn gildir í yfir 30 löndum í Evrópu, USA og Kanada. Ferðastu með Nova og borgaðu minna.

**Norðurlönd: Noregur, Svíþjóð, Danmörk, Finnland og Færeyjar.**

| Daggjald | Upphafs-gjald | Hringt til Íslands Mínútuverð | Símtal móttekið Mínútuverð | SMS | Netið í símann 10 MB |
|---|---|---|---|---|---|
| **0 kr.** | **10 kr.** | **20 kr.** | **0 kr.** | **14 kr.** | **119 kr.** |

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

# Starfa með stærstu skipafélögum heims

Tæknifyrirtækið Marorka hefur á nokkrum mánuðum samið við nokkur af allra stærstu skipafélögum heims. Orkustjórnunarkerfi fyrirtækisins er um borð í á sjötta hundrað skipum, sem mörg eru meðal þeirra stærstu í heimi. Frekari sókn er boðuð næstu misseri.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Tæknifyrirtækið Marorka, sem sérhæfir sig í orkustjórnun í sjávarútvegi og flutningum, hefur á síðastliðnum mánuðum undirritað samninga um uppsetningu og umsjón hugbúnaðar fyrirtækisins við nokkur af stærstu skipafélögum heims. Orkustjórnunarbúnaður Marorku er því í dag um borð í mörg hundruð skipum, sem mörg hver eru tugfalt stærri en flaggskip íslenska kaupskipaflotans.

**Samstarf við þá stærstu**

Á síðustu vikum hefur Marorka undirritað samninga við tvö stór skipafélög. Fyrst skal nefna Nordic Tankers – rótgróið danskt félag sem starfrækir 66 olíuflutningaskip. Þá skal nefna Abu Dhabi National Tanker Co/National Gas Shipping Company (ADNATC/NGSCO), sem á og gerir út flota olíu- og gasflutningaskipa.

Í lok júní samdi Marorka við Mideast Ship Management Ltd. um að setja upp orkustjórnunarkerfi í 26 olíuflutningaskipum fyrirtækisins. Fyrirtækið er að fullu í eigu The National Shipping Company of Saudi Arabia (Bahri), eins allra stærsta skipafélags heims. Þá tilkynnti Marorka í febrúar um samning við annað af stærstu gámaflutningaskipafélögum heims – United Arab Shipping Company (UASC) um uppsetningu orkustjórnunarkerfa í skipakost þess.

Hér eru þó aðeins nokkrir samningar nefndir sem hafa verð gerðir á þessu ári en Marorka er í samstarfi við 65 skipafélög um allan heim þegar allt er talið.

**Útstöðvar um allan heim**

Ole Skatka Jensen, forstjóri Marorku, segir aðspurður um tæknilausnir og búnað fyrirtækisins að hann dragi úr olíunotkun og þar með eldsneytiskostnaði og mengun – nokkuð sem er í forgrunni allra þeirra sem starfa í orkufrekri atvinnustarfsemi í dag. Ef tekið er dæmi um 10% sparnað af olíueyðslu risaolíuskips á langri siglingaleið þá þarf ekki mikið hugmyndaflug til að sjá hversu gríðarlega hagsmuni stór félög hafa af því að nýta tækni eins og Marorka býður.

Um þennan eftirtektarverða árangur fyrirtækisins segir Ole að hann eigi rætur í sóknaráætlun fyrirtækisins sem var samþykkt af stjórn félagsins eftir innspýtingu hlutafjár árið 2014. Net útibúa hefur verið stækkað markvisst árin 2014 og 2015 – þróun sem mun halda áfram allt næsta ár. Á þeim tíma opnaði Marorka skrifstofur í Kaupmannahöfn og Singapúr – eins í Dúbaí í janúar síðastliðnum og þá var útstöð fyrirtækisins í Aþenu í Grikklandi styrkt. Bráðlega verða opnaðar skrifstofur í Suður-Kóreu og Kína.

„Þetta eru mikilvæg skref sem undirstrika þann áhuga sem við finnum fyrir á okkar vöru og þjónustu. Undirliggjandi þrýstingur um að hlýða umhverfisregluverki samtímans, óstöðugt olíuverð og áhyggjur almennings af umhverfinu og loftlagsmálum er að knýja skipafélögin til að endurmeta stöðu sína í tilliti til umhverfismála og hvernig má sækja fram í nýju viðskiptaumhverfi,“ segir Ole og bætir við að næstu tvö ár skeri úr um hverjum tekst að nýta sér orkustjórnun til sóknar á mörkuðum. „Þau félög sem fjárfesta í þessari tækni munu móta markaðinn til framtíðar.“




Fjöldi stórra flutningaskipa bíður þess að komast í gegnum Súezskurðinn – en hér má sjá þær tegundir skipa sem nýta hugvit Marorkumanna til orkustjórnar á löngum siglingum. Stærstu skip sem nýta búnað Marorku eru um 20.000 gámaeininga skip. Stærstu skip Eimskips, Dettifoss og Goðafoss, eru 1.457 gámaeiningar. Mynd/Gunnar Stefánsson

> **Við erum að mæta þessu með því að fjölga starfsmönnum og opna skrifstofur á lykilstöðum. Ég sé fyrir mér að við þurfum að fjölga hjá okkur hámenntuðum forriturum og verkfræðingum.**
>
> Ole Skatka Jensen, forstjóri Marorku



**Vitundarvakning**

Ole segir að virði einstakra samninga sé trúnaðarmál en viðurkennir fúslega að samningar við stærstu skipafélög heims á stuttum tíma gefi Marorku mikil tækifæri til sóknar á næstu misserum. Skipafélög um allan heim séu að átta sig á möguleikum orkustjórnunar og Marorka er að hans mati vel staðsett til að nýta sér þá vitundarvakningu.

En hvað þarf til? Ole segir að allir innan viðkomandi skipafélags þurfi að vera á sömu blaðsíðu – bæði stjórnendur í landi og áhafnir einstakra skipa þar sem þurfa að vera úrræði til að gera nauðsynlegar mælingar og sinna eftirliti. Þess vegna hefur Marorka styrkt ráðgjafarteymi fyrirtækisins sem hafa t.d. kennt og þjálfað áhafnir skipa í jómfrúrferðum – sem mörg hver eru í flokki þeirra stærstu í heiminum.

Ole segir jafnframt að skipaiðnaðurinn sé íhaldssamur og hver samningur sem er undirritaður sé tilkominn vegna þrotlausrar vinnu í marga mánuði eða ár. Hins vegar eru talsvert margir samningar í farvatninu hjá Marorku.

**Þurfa fleiri hámenntaða starfsmenn**

„Stóra viðfangsefnið er að bjóða þjónustu í hæsta gæðaflokki til sístækkandi hóps viðskiptavina um allan heim. Við erum að mæta þessu með því að opna skrifstofur á lykilstöðum og fjölga starfsmönnum, hámenntuðum forriturum og verkfræðingum, sem verða að stærstum hluta við vinnu í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi.“

Marorka er að stærstum hluta í eigu þýska fjárfestingarfélagsins Mayfair sem á tæplega 74% hlut en einnig á fyrirtækið Klappir ehf. tæp 18%. Klappir er fjölskyldufyrirtæki Jóns Ágústs Þorsteinssonar, stofnanda Marorku, sem byggir á hans eigin hugviti og doktorsritgerð.




## Flýgur til Lesbos að hjálpa flóttafólki

**NOREGUR** „Hver einasti dagur skiptir máli, ég hreinlega gat ekki setið hér lengur og ákvað því að freista þess að komast til Lesbos um miðjan október til að aðstoða flóttamenn á eyjunni,“ segir Ásta Hafþórsdóttir, kvikmyndagerðarkona í Ósló.

Á Lesbos eru um sautján þúsund flóttamenn frá Sýrlandi sem vilja komast til meginlandsins með fjölskyldur sínar. Fréttastofa AFP greindi frá því í gærkvöldi að á eyjunni ríkti upplausnarástand. Flóttamenn svæfu undir berum himni, hefðu enga salernisaðstöðu, fæði eða klæði. Öll aðstoð til þeirra væri í höndum sjálfboðaliða.

„Það er mikill kraftur í Norðmönnum og meira en hundrað þúsund hafa boðið sig fram til hjálparstarfa. Hér verður maður alls ekki var við umræðu um það hvort það eigi að taka á móti flóttamönnum eins og heima á Íslandi. Þeir sem hafa þá skoðun halda sig ef til vill til hlés, hér er bara rætt um hvernig skuli aðstoða flóttamenn sem hingað koma,“ segir Ásta en stjórnvöld í Noregi áætla að taka á móti átta þúsund flóttamönnum.

Eins og hér á landi þrýstir almenningur á um að enn fleiri flóttamönnum verði hleypt til landsins. „Það hefur orðið einhver sprenging og það er erfitt að útskýra af hverju. Fólk hugsar öðruvísi,“ segir Ásta og gefur dæmi um hlýhug Norðmanna síðustu daga.

„Einn stærsti hóteleigandi í Noregi opnaði eitt af hótelum sínum fyrir fimmtíu flóttamönnum. Þau hefðu annars sofið á gólfi á móttökustöð fyrir flóttamenn en hóteleigandinn bauð þeim í staðinn að sofa í uppbúnum rúmum. Þetta er það sem ég verð vitni að núna og þykir fallegt.“

Ásta lýsir því hvaða mögulegu verkefni bíði hennar komist hún til Lesbos.

„Það þarf að gefa þeim mat, skó, vatn og burðarbelti því þau þurfa mörg að ganga afar langa leið. Fleiri þúsund manns reyna að komast þarna yfir í gegnum Lesbos. Það eru margir sjálfboðaliðar á leiðinni til eyjunnar núna. Það verður erfiðara þegar það fer að kólna, það þarf að halda hjálparstarfinu uppi í vetur, því flóttamannastrauminum linnir ekki.“ – kbg

> **Einn stærsti hóteleigandi í Noregi opnaði eitt af hótelum sínum fyrir fimmtíu flóttamönnum. Þau hefðu annars sofið á gólfi á móttökustöð fyrir flóttamenn.**
>
> Ásta Hafþórsdóttir, kvikmyndagerðakona






Þrautreyndur og fullbúinn jeppi með fimm ára ábyrgð. Þegar þú hefur kynnst kraftinum, öryggingu og reynslunni sem **Mitsubishi Pajero** býr yfir verður ekki aftur snúið.

**Mitsubishi Pajero**
Dísil, sjálfskiptur á aðeins:

**10.290.000 kr.**

Staðalbúnaður í Mitsubishi Pajero: 200 hestöfl, stöðugleikastýring, 18" álfelgur, 7 sæta, leðurinnrétting, 7" LCD DVD skjár með bakkmyndavél, 860W Rockford hljómkerfi með 4GB minni fyrir tónlist, Xenon aðalljós, 100% læsing að aftan, tenging við farsíma (Bluetooth), þakbogar, topplúga, Íslandskort o.fl.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

MITSUBISHI MOTORS
FYRIR HUGSANDI FÓLK

# Gagnrýnir málsmeðferð

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í svokölluðu Marple-máli hófst í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þetta er þriðja málið þar sem fyrrverandi stjórnendur Kaupþings eru ákærðir.

Fjórir eru ákærðir í málinu. Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, Magnús Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings í Lúxemborg, Guðný Arna Sveinsdóttir, fyrrverandi fjármálastjóri bankans, og Skúli Þorvaldsson, eigandi félagsins Marple Holding, sem var einn stærsti viðskiptavinur Kaupþings fyrir hrun. Fjórmenningarnir eru ýmist ákærðir fyrir fjárdrátt, hlutdeild í fjárdrætti eða hylmingu. Tveir hinna ákærðu, Hreiðar Már og Magnús sitja nú í fangelsi fyrir Al Thani-málið.



**Hreiðar Már Sigurðsson**

Þá hlaut Hreiðar Már dóm í héraði í markaðsmisnotkunarmálinu svokallaða fyrr á árinu.

Hreiðar Már gerði alvarlegar athugasemdir við meðferð á málum hans fyrir dómi og las yfirlýsingu. Hann hóf hana á því að setja út á það að þeirri meginreglu hefði ekki verið fylgt að ef sækja eigi mann til saka fyrir fleiri en eitt brot skuli það gert í einu máli.

Um tíma voru rekin fjögur mál samtímis gegn Hreiðari. Hann benti á að í kjölfar þess að dómur féll í Al Thani-málinu kom í ljós að sonur Árna Kolbeinssonar, eins dómaranna sem dæmdu Hreiðar Má í Hæstarétti, hefði verið með starfssamning við Kaupþing á meðan málið var tekið fyrir. Hreiðar segir að sér hafi verið kunnugt um það að Kolbeinn, sonur Árna, hafi starfað hjá Kaupþingi en ekki vitað að hann væri með samning við Kaupþing um frekari störf eftir að hann hætti sem yfirmaður lögfræðisviðs bankans.

Áætlað er að aðalmeðferð málsins standi fram í næstu viku. – **kbg / jóe**

## Brenna vegartálma



**Evrópskir bændur söfnuðust saman í gær fyrir framan fundarstað evrópskra landbúnaðarráðherra og mótmæltu fjárhagsvanda í landbúnaði og minnkandi tekjum bænda.** Fréttablaðið/EPA


- Óska eftir að kaupa fyrirtæki / ferðaskrifstofu sem selur/ framkvæmir jeppaferðir.
- Eins kemur til greina að kaupa super jeppa.
- Einnig er áhugi á að kaupa hlut í góðu fyrirtæki.
- Áhugasamir sendi upplýsingar á netfangið superferdir@gmail.com

sendist fyrir 5. Október

Fyrir uppskeruna




Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Næsta skref er að kanna baklandið og aðgerðir

**Ríkisvaldið sagt efna til ófriðar við þrjú stærstu félög ríkisstarfsmanna. Mikið ber í milli í viðræðum við samninganefnd ríkisins. Úrslitafundur á morgun.**

**KJARAMÁL** Viðræður þriggja stærstu félaga BSRB við ríkið eru í hnút og stefnir í að boðað verði til aðgerða af hálfu þeirra félaga sem mega. Um er að ræða Sjúkraliðafélag Íslands, SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu og Landssamband lögreglumanna.

Í yfirlýsingu samninganefndanna sem birt er á vef BSRB er lýst vonbrigðum með tilboð sem samninganefnd ríkisins lagði fram á fundi hjá ríkissáttasemjara fyrir helgi og var svar við fyrra tilboði samninganefndar félaganna þriggja. Sú kröfugerð byggði á niðurstöðu gerðardóms um kjör BHM og hjúkrunarfræðinga í síðasta mánuði.

„Nú þegar ítarlega rökstudd niðurstaða dómsins liggur fyrir, er í raun ótrúlegt að ríkisvaldið neiti að horfast í augu við þá niðurstöðu og kjósi frekar að efna til ófriðar við þrjú stærstu félög ríkisstarfsmanna innan vébanda BSRB og mismuna þannig starfsmönnum sínum gróflega,“ segir í grein sem formenn félaganna þriggja rita í Fréttablaðið í dag.

Fundað verður í deilunni á miðvikudag. „Ríkissáttasemjara þótti eðlilegt að kalla til þessa fundar til þess að skoða hvort jafn langt sé á milli og var fyrir viku síðan,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins. „Og ég hef ekkert heyrt og á því ekki von á öðru en við blasi óbreytt ástand. Það er engin bjartsýni hjá mér.“

Í þeirri stöðu segir Kristín ekki stefna í annað en aðgerðir. „Við munum í framhaldi af fundinum á miðvikudaginn fara og vinna í okkar baklandi, það er alveg ljóst. Við höfum látið það vera fram að þessu því við höfum alla vega átt viðræður.“



**Formaður SLFÍ segir stefna í aðgerðir af þeirra hálfu.** Fréttablaðið/Ernir

Kristín segist harma þá stöðu sem uppi sé í deilunni og ekki átta sig á hvernig viðsemjendur félagsins ætli sér að bæta þessu ofan á allan þann skaða sem fyrrverandi verkföll hafi haft í för með sér. „Í fyrri tíð var oft rætt um að starfsmenn töpuðu svo og svo miklu á að fara í verkfall. En nýjustu tölur sýna að það er ekkert lítið sem ríkið og þjóðarbúið tapa á þessu.“

Samninganefnd og starfsfólk þessara þriggja stærstu félaga BSRB segir Kristín að séu langþreytt á drætti sem orðið hafi á samningum. Fyrst hafi þau verið beðin að bíða eftir samningum á almenna markaðnum og svo eftir verkföllum og gerðardómi.

„Svo þegar gerðardómurinn kemur þá töldum við að hann gilti um okkur líkt og um hafði verið rætt,“ segir Kristín og því hafi verið lagður fram launaliður innan þess ramma. „En þá allt í einu heykjast þeir á öllu. Og búið að láta fólk bíða í allan þennan tíma eftir því að við okkur yrði samið, ekki síst að þeirra eigin ósk.“

Sökin segir hún að liggi fyrst og fremst hjá ríkisstjórninni sem leggi samninganefnd ríkisins línurnar. „Það er tímasóun að gera kjarasamning sem við vitum að verður felldur.“

**olikr@frettabladid.is**

> **Ég hef ekkert heyrt og á því ekki von á öðru en við blasi óbreytt ástand. Það er engin bjartsýni hjá mér.**
>
> Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ




RENAULT
Passion for life
Renault CLIO
Sjálfskiptur sparneytinn dísilbíll
CLIO
RENAULT
CLIO
ENNEMM / SÍA / NM70708 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri
DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN
Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014.** Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch" sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.
**Miðað við almenna sölu til einstaklinga og fyrirtækja án bílaleiga árið 2014
Verð: 3.050.000 kr.
CLIO
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*
Verð: 3.250.000 kr.
CLIO SPORT TOURER
Dísil, sjálfskiptur
Eyðsla 3,7 l/100 km*
E
F
„ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT"
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS




HYUNDAI i40 COMFORT
Nýskr. 09/12, ekinn 133 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000

TILBOÐSVERÐ! 2.990 þús.




MERCEDES BENZ ML
Nýskr. 02/06, ekinn 153 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.480.000
TILBOÐ kr. 3.990 þús.




BMW 520d STATION
Nýskr. 08/08, ekinn 125 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.450.000
TILBOÐ kr. 3.890 þús.




KIA CEED
Nýskr. 07/11, ekinn 65 þús km.
bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.290.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.




HONDA CRV
Nýskr. 06/11, ekinn 83 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.390.000
TILBOÐ kr. 3.590 þús.




TOYOTA AVENSIS SOL
Nýskr. 02/13, ekinn 45 þús km.
dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.890.000
TILBOÐ kr. 3.490 þús.




TOYOTA PRIUS PLUG-IN
Nýskr. 03/14, ekinn 4 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.670.000
TILBOÐ kr. 3.990 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is




Danskur lögreglumaður spjallar við flóttafólk frá Sýrlandi, sem komið er til Rødby. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Merkel segir breytingar í vændum í Þýskalandi

**Evrópusambandið hyggst taka við 160 þúsund flóttamönnum frá Grikklandi, Ítalíu og Ungverjalandi. Þar af taka Þjóðverjar við 40 þúsundum og Frakkar 30 þúsundum. Bretar taka við 20 þúsundum á 5 árum. Ungverjar hafna kvótakerfi.**

**ÞÝSKALAND** Samsteypustjórnin í Þýskalandi hefur ákveðið að verja milljörðum evra á þessu ári og því næsta til að taka á móti flóttafólki og hælisleitendum.

Angela Merkel segist reikna með að kostnaðurinn geti numið tíu milljörðum evra á næsta ári. Hún segir að flóttamannastraumurinn til Þýskalands um síðustu helgi hafi verið ævintýralegur.

„Það sem við erum að upplifa nú mun breyta landinu okkar,“ sagði hún í gærmorgun. Hún sagði Þýskaland tilbúið til að taka við fólki, en önnur ríki Evrópu verði einnig að taka þátt í þessu verkefni og bjóða fólki vernd.

„Við vorum snögg til þegar bjarga þurfti bönkunum, og nú þurfum við að bregðast jafn snöggt við,“ sagði Merkel.

Þá eru tillögur Evrópusambandsins um eins konar kvótakerfi flóttafólks að taka á sig mynd. Samkvæmt því munu aðildarríkin taka við 120 þúsund flóttamönnum frá Grikklandi, Ítalíu og Ungverjalandi, til viðbótar þeim 40 þúsundum, sem þegar var búið að samþykkja að taka við. Þar af taka Þjóðverjar og Frakkar við um 60 þúsundum.

Inni í þessum tölum eru 66 þúsund manns nú stödd í Grikklandi, 54 þúsund í Ungverjalandi og 40 þúsund á Ítalíu.

Þá upplýsti David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, að Bretar ætluðu að taka við 20 þúsund sýrlenskum flóttamönnum næstu fimm árin. Ekki kom fram hve mörgum þeirra yrði tekið við á þessu ári, en nú þegar hefðu um 5.000 Sýrlendingar fengið hæli í Bretlandi.

Þá komu rúmlega 240 manns til Danmerkur á sunnudag frá Þýskalandi, sumir með ferju til Rødby en aðrir með lest. Fleiri bættust í hópinn í gær.

> **Við vorum snögg til þegar bjarga þurfti bönkunum, og nú þurfum við að bregðast jafn snöggt við.**
>
> Angela Merkel, kanslari Þýskalands



Flestir virðast þeir vilja halda áfram til Svíþjóðar. Sænsk stjórnvöld segjast fús til að taka við fólkinu.

Dönsk stjórnvöld voru þó ekki búin að gera upp við sig hvort fólkinu yrði hleypt áfram til Svíþjóðar. Reglurnar segja að senda eigi fólkið til baka til þess aðildarríkis Evrópusambandsins, sem það kom fyrst til.

„Þetta er óvenjuleg staða,“ hefur danska fréttastofan Ritzau eftir John Andersen lögregluforingja. „Þeir ættu að fá ósköp venjulega meðferð. En það sem er óvenjulegt, er að þeir eru svo margir.“

Stjórnin í Ungverjalandi situr hins vegar fast við sinn keip um að stöðva eigi flóttamannastrauminn. Viktor Orban, forsætisráðherra landsins, hafnar öllum kvótahugmyndum og segist einungis vilja fara að núgildandi reglum Evrópusambandsins, sem kveða á um að umsóknir hælisleitenda eigi að afgreiða í því aðildarríki sem það kemur fyrst til.

„Ef Grikkland færi eftir þessum Evrópureglum, þá væri ekkert flóttamannavandamál í Ungverjalandi eða Austurríki,“ sagði hann í sjónvarpsviðtali í Austurríki.

gudsteinn@frettabladid.is


Við vitum ekki allt um dekk!

En trúum því að sanngirni sé grundvöllur góðra viðskipta. Hringdu eða komdu við hjá okkur áður en þú kaupir dekk fyrir veturinn. Hjá okkur fara saman gæði og gott verð.





KvikkFix

Hvaleyrarbraut 4-6 Hf.
S. 575 1500
www.kvikkfix.is

# ENDURMENNTUN FÆRIR ÞÉR ERLENDA SÉRFRÆÐINGA





## LEADERSHIP AND DECISION MAKING

Kennari: Margaret Andrews, managing director of Mind and Hand Associates and an instructor at Harvard Extension School

**Fim. 8. okt. kl. 9:00–16:30**
**Snemmskráning til og með 10. september**



## SOFTWARE TESTING FOUNDATIONS WITH ISTQB CERTIFICATION

Kennari: Hans Schaefer, software testing consultant

**Mán.- fim. 14.–17. sept. kl. 8:30–16:00**



## GETTING A GRIP ON EXPLORATORY TESTING

Kennari: James Lyndsay, an independent Test Strategis and a regular speaker at international test conferences

**Fim. 15. og fös. 16. okt. kl. 9:00–17:00**
**Snemmskráning til og með 24. september**



## BULK DATA AND VISUALISATION

Kennari: James Lyndsay, an independent Test Strategis and a regular speaker at international test conferences

**Lau. 17. okt. kl. 9:00–17:00**
**Snemmskráning til og með 24. september**



## SAP2000 BASIC TRAINING COURSE

Kennari: Øystein Flakk, M.Sc. in Structural Engineering from NTNU

**Fim. 15. okt. kl. 9:00–17:00**
**Snemmskráning til og með 25. september**



## SAP2000 EARTHQUAKE ANALYSIS COURSE

Kennari: Øystein Flakk, M.Sc. in Structural Engineering from NTNU

**Fös. 16. okt. kl. 9:00–17:00**
**Snemmskráning til og með 25. september**



## NEGOTIATIONS SKILLS: STRATEGIES FOR INCREASED EFFECTIVENESS

Kennari: Diana Buttu, a lawyer specializing in negotiations, international law and international human rights law and an instructor at Harvard Extension School

**Mán. 9. nóv. kl. 9:00–16:30**
**Snemmskráning til og með 19. október**



## LEADING DIFFERENTLY – THE POWER OF A PURPOSEFUL PAUSE©

### TWO DAY, NON-RESIDENTIAL RETREAT

Kennari: Janice L. Marturano, J.D., Founder and Executive Director of the Institute for Mindful Leadership

**Þri. 3. og mið. 4. nóv. kl. 9:00–16:00**





## STRENGTH-LEAD

### STRENGTH BASED LEADERSHIP DEVELOPMENT

Kennarar: Lisa Vivoll Straume PhD in Positive Psychology and a founder and academic director of MIND
Rune Sagor, a founder and CEO of MIND

**25.–27. nóv. 2015, 27.–29. jan. og 30. mars–1. apr. 2016**
**Umsóknarfrestur til 1. nóvember**



## MICROSOFT OFFICE 365 WORKSHOP

Kennari: Andy Malone, a popular international conference speaker, instructor and technology expert

**Snemmskráning til og með 23. nóvember**

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á ENDURMENNTUN.IS EÐA Í SÍMA 525 4444

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

HÖNNUN: SIGRÚN K.

# Húsnæðismál Eyglóar í fjárlagafrumvarpi

**Gert er ráð fyrir húsnæðismálafrumvarpi Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, í komandi fjárlagafrumvarpi. Áhyggjur eru af afstöðu þingmanna Sjálfstæðisflokksins. Samþykkja þarf frumvarpið áður en kemur að rauðu strikunum í kjarasamningunum.**

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Það eru allir sammála um að húsnæðismál Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, verði stóra málið á þingi í haust. Ágreiningur milli ríkisstjórnarflokkanna um frumvarpið er ekki meiri en svo að gert er ráð fyrir kostnaði við það, mörgum milljörðum, í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Alþingi Íslendinga kemur saman í dag eftir stutt sumarleyfi.

Húsnæðisfrumvarpið kveður á um byggingu 2.300 félagslegra íbúða á næstu þremur árum, stofnframlög eða vaxtaniðurgreiðslur til húsnæðissamvinnufélaga, og nýmæli um húsnæðisbótakerfi sem jafnar vaxtabætur og húsaleigubætur. Grunnhúsnæðisbæturnar hækka úr 23 þúsund krónum í 32 þúsund krónur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýst helsti ágreiningur ríkisstjórnarinnar um það hvort greiðslur bóta verði áfram á hendi sveitarfélaga eða hvort umsjón þeirra fari yfir til ríkisins.

Þá segja heimildarmenn innan ríkisstjórnarinnar að viðbúið sé að ágreiningur verði um húsnæðisbæturnar hjá þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Það verði erfitt fyrir þá að kyngja tillögum sem séu í prinsippinu ólíkar hugmyndum um markaðsfrelsi og einstaklingsframtak.

Samið var um húsnæðisfrumvarp Eyglóar í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði. Í samningunum eru rauð strik í febrúar sem koma samningunum í uppnám ef ekki verður búið að afgreiða frumvarpið. Þetta þýðir, að mati stjórnarandstöðuþingmanna sem Fréttablaðið ræddi við, að pólitískt líf Eyglóar hangi á þessu frumvarpi. Frumvarpið þykir slá félagslegri tóna en nýlega hafa heyrst frá Framsóknarflokknum.

Því er eðlilegt að spyrja Vigdísi Hauksdóttur, formann fjárlaganefndar, hvað henni finnist um kostnaðarsamt frumvarpið og þá staðreynd að búið sé að fjármagna það í fjárlagafrumvarpinu. „Ég get ekkert tjáð mig um þetta því fjárlaganefnd er ekki búin að fá kynningu á fjárlagafrumvarpinu,“ segir hún.

Aðspurð hvernig Vigdísi lítist almennt á frumvarp flokkssystur sinnar segist hún heldur ekki geta tjáð sig um það. „Ég veit ekki hvað kemur til með að standa í þeim [breytingum á frumvarpinu]. Þú ert að biðja mig um að sjá inn í framtíðina og það get ég ekki.“

En það þykir þó ólíklegt að stjórnarandstaðan reynist óþægur ljár í þúfu þegar kemur að frumvarpinu. Eins og áður segir þykir það frekar félagslegt, sem hæfir vel stefnu sósíaldemókratísku flokkanna á vinstri vængnum. Þá þykir líklegt að leggjast muni vel í stjórnarandstöðuna ákvæði um að fjölskyldustærð hækki bæturnar sem og að foreldri, sem hefur forsjá en ekki lögheimili barns síns, eigi rétt á bótunum.



**Mikið mun mæða á Eygló Harðardóttur á komandi þingi. Andstæðingar segja pólitískt líf hennar velta á velgengninni.** Fréttablaðið/Stefán



**Ég veit ekki hvað kemur til með að standa í þeim. Þú ert að biðja mig um að sjá inn í framtíðina og það get ég ekki.**

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis



# HAUSTTILBOÐ

## Hlý og notaleg rúm fyrir veturinn

## 30% afsláttur

Fáðu fría legugreiningu og faglega ráðgjöf þegar þú kaupir rúm







Allir aukahlutir á **30%** afslætti með seldum rúmum/dýnum

Bjóðum uppá vaxtalausar rað-greiðslur til allt að 12 mánaða





VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
**Sími 544 2121 - www.rumgott.is**

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Lægra gjald öllum til góðs



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Nokkur óvissa hefur verið á undanförnum mánuðum í rekstrarumhverfi fyrirtækja vegna kjarasamningagerðar sem stóð yfir stærstan hluta fyrri parts þessa árs og stendur sums staðar enn yfir. Töluverð hækkun hefur orðið á launakostnaði fyrirtækjanna vegna þessara samninga, eðli málsins samkvæmt.

Samtök iðnaðarins kölluðu eftir því í Fréttablaðinu í gær að tryggingagjaldið, sem er sérstakt gjald sem launagreiðendur greiða af heildarlaunum launamanna sinna, verði lækkað um eitt prósent. Á staðgreiðsluárinu 2015 er tryggingagjaldshlutfallið 7,49 prósent, en þar af er tryggingagjaldið sjálft 6,04%, atvinnutryggingagjald 1,35%, og síðan bætast við gjald í ábyrgðasjóð launa (0,05%) og markaðsgjald (0,05%). Flatur skattur er þannig lagður á allan launakostnað, óháð stærð, umfangi og gengi rekstrar fyrirtækja.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, að gjald þetta hefði sérstaklega slæm áhrif á lítil fyrirtæki þar sem sérhver ráðning starfsmanns vegur þungt. Þá finni mannauðsfrek fyrirtæki mikið fyrir gjaldinu, sem valdi því að þau vaxi hægar en ella og verðmætasköpunin verður minni. Hann segir ábatann af því að lækka gjaldið vera mikinn. „Það ýtir undir atvinnu, heldur aftur af verðbólgu vegna kjarasamninga og styður við hagvöxt og framleiðniaukningu,“ sagði Almar. Samtök iðnaðarins hafa reiknað það út að tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldinu muni hækka um 5 milljarða á næsta ári vegna kjarasamninga.

Tryggingagjaldinu er meðal annars ætlað að standa straum af kostnaði vegna atvinnuleysis. Það er ekki alveg út í hött að launagreiðendur standi að hluta skil á einhverjum kostnaði sem tengist vinnumarkaðnum, eins og til að mynda atvinnuleysisbótum, ábyrgðasjóði launa og fæðingarorlofi.

En það er rétt sem Almar segir að litlu fyrirtækin finna þungt fyrir þessu gjaldi og þar eru lítil sprotafyrirtæki innifalin. Áætlað er að allt að 70 prósent vinnandi handa á Íslandi starfi hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hátt í átta prósenta skattur þýðir að tíu manna fyrirtæki borgar nokkurn veginn andvirði ellefta starfsmannsins í tryggingagjaldið. Það er stór biti fyrir fyrirtæki sem eiga oft allt sitt undir því að ná hratt í fjárfesta, sem vilja líklegast síður að þeirra framlag fari beint í ríkiskassann. Slík útgjöld geta jafnvel skilið milli feigs og ófeigs á byrjunarstigum fyrirtækja. Fyrirtækin vaxa hægar og verðmætasköpunin verður minni og þannig hefur gjaldið í raun öfuga verkan, þar sem tekjurnar verða minni fyrir ríkið.

Fjármálaráðherra, Bjarni Benediktsson, hefur sagt að bætt staða ríkissjóðs muni skapa svigrúm fyrir áframhaldandi skattalækkanir og hefur meðal annars nefnt lækkun tryggingagjaldsins sem dæmi. Fjárlögin fyrir árið 2016 verða kynnt í dag þar sem kemur í ljós hvort ráðherrann mun standa við stóru orðin og lækka tryggingagjaldið. Hann hefur hingað til gert vel í að fella niður vörugjöldin, sem atvinnulífið hafði lengi kallað eftir, og því ekki við öðru að búast en að þessu kalli þeirra verði svarað.

> **Hátt í átta prósenta skattur þýðir að tíu manna fyrirtæki borgar nokkurn veginn andvirði ellefta starfsmannsins í tryggingagjaldið.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Að vera skárri kosturinn**

**Hanna Birna Kristjánsdóttir, fyrrverandi innanríkisráðherra, sækist eftir endurkjöri sem varaformaður Sjálfstæðisflokksins á komandi landsfundi. Hanna Birna sagði af sér ráðherraembætti þegar ljóst var að aðstoðarmaður hennar var sekur í lekamálinu. Nokkur fjöldi sjálfstæðismanna er enn reiður Hönnu fyrir framgöngu hennar í því máli og sér fram á að sem varaformaður muni hún ekki auka trúverðugleika flokksins og ekki hífa fylgið upp. Fylgi sem nú er í algjörri lægð. Minni leikmenn ættu að sjá sér leik á borði og bjóða sig fram í embættið. Þetta er kjörið tækifæri til að vera skárri kosturinn.**

**Hreyfingar á þingi**

**Helmingur flokka á þingi skiptir um þingflokksformann nú í upphafi þings. Hjá Framsókn er Ásmundur Einar Daðason tekinn til starfa, Birgitta Jónsdóttir Pírati skiptir um hlutverk við Helga Hrafn Gunnarsson og Brynhildur Pétursdóttir tekur við keflinu hjá Bjartri framtíð. Áðurnefnd Hanna Birna tekur við formennsku í utanríkismálanefnd þingsins af Birgi Ármannssyni, sem verður í staðinn varaformaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Það hefur líklega ekki þótt eðlilegt að Hanna Birna tæki varaformannsstöðuna þar sem hlutverk nefndarinnar er að hafa frumkvæði að því að kanna ákvarðanir ráðherra og fjalla um skýrslur umboðsmanns Alþingis.**

snaeros@frettabladid.is

## Á alþjóðadegi læsis



Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra

Í dag er alþjóðadagur læsis. Samfara auknu læsi aukast möguleikar barna um allan heim á því að mennta sig og þar með bæta lífskjör sín. Um leið og læsi er lykill að innihaldsríku lífi, þá veitir það börnum möguleika á því að virkja hæfileika sína og láta drauma rætast. Börn hinna ríku Vesturlandabúa sem og fátæk börn í þróunarlöndunum eiga það öll sammerkt að læsi er forsenda þess að þau geti spjarað sig. Það er því ekki að furða að UNESCO skuli hafa allt frá árinu 1965 tileinkað þennan dag læsi. Í yfirlýsingu UNESCO segir að læsi sé grunnlífsleikni, kjarni alls náms og varði því alla.

**Þjóðarsáttmáli um læsi**

Þessa dagana eru sveitarfélögin, sem bera ábyrgð á rekstri grunnskólanna, og mennta- og menningarmálaráðuneytið að undirrita samninga um 5 ára átak til að efla læsi. Markmiðið er að börnin okkar geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla. Öllum má vera ljóst mikilvægi þessa. Um 99% af krökkunum sem luku grunnskóla í vor sem leið, skráðu sig til náms í framhaldsskóla. Enginn þarf því að efast um að börnin okkar skilji ekki mikilvægi náms. En möguleikar þeirra barna sem ekki geta lesið sér til gagns á því að ráða við námið eru mjög skertir. 30% drengja eru í slíkri stöðu við lok grunnskóla og 12% stúlkna. Líkurnar á því að þau börn heltist úr lestinni eru því meiri en minni og tap þeirra og samfélagsins verður mikið.

**Jöfn tækifæri**

Undirtónn Þjóðarsáttmálans um læsi, sem verður undirritaður af ríki, sveitarfélögum og Heimili og skóla, er sá að börnin okkar eiga að búa að sömu tækifærum í lífinu við lok grunnskólagöngunnar, óháð efnahag eða félagslegri stöðu foreldra þeirra. Erlendar rannsóknir sýna þannig að ekki verður um villst að þeir einstaklingar sem ekki geta lesið sér til gagns standa mun verr að vígi en þeir sem það geta. Það er því okkar verkefni, foreldra, kennara, sveitarfélaga og ríkis, að gera allt sem í okkar valdi stendur til að börnin okkar verði læs, annað er ekki boðlegt.

> **Markmiðið er að börnin okkar geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla.**

**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Virkur eða óvirkur málskotsréttur



**Haukur Arnþórsson**
stjórnsýslufræðingur

Verulegur áhugi virðist vera á því að málskotsréttur, það að vísa þingmáli til þjóðaratkvæðis, fari fram með undirskriftarsöfnunum. Ríkisstjórnin hefur boðað framlagningu frumvarps á Alþingi um slíka breytingu á stjórnarskrá. En er það spennandi fyrirkomulag?

**Markmið**

Minnt skal á að markmið málskots er að tryggja að almannavilja sé mætt með stjórnarframkvæmd. Til þess er gert mögulegt að stöðva óvinsæl ríkisstjórnaráform. Veruleg þörf gæti verið á því að mæta þessu markmiði hér á landi þar sem sameiginlegur skilningur almennings í mörgum stórum málum endurspeglast ekki alltaf í áformum ríkisstjórna.

Þjóðaratkvæðagreiðslur eru hins vegar ekki markmið í sjálfu sér. Þær hafa fjölmarga galla auk þess að vera einfalt meirihlutaræði. Erfitt er að vera með spurningar til almennings í flóknum málum, þátttaka verður fljótlega lítil því áhugi almennings dalar, o.s.frv.

**Virkur eða óvirkur málskotsréttur**

Málskotsrétt má kalla óvirkan þegar hann er knúinn fram með undirskriftum eða af hálfu forsetaembættisins af þeim ástæðum að þá er hann í höndum aðila sem ekki hafa aðkomu að lagasetningu, geta ekki samið sig inn í mál, myndað nýja stefnu í því og boðið fram á grundvelli andstöðu við mál. Hann er óvirkur af því að málskotsaðilinn er ekki þátttakandi í lýðræðiskerfinu okkar (fulltrúalýðræðinu) og getur nánast ekki gert neitt nema hafnað máli.

Málskotsréttur hjá minnihluta alþingismanna er hins vegar virkur vegna þess að þeir hafa stöðu til þess að breyta máli, hafa áhrif á lausnina og vinna úr málinu ef almannavilja er ekki mætt þannig að viðunandi sé. Enda er verkefnið að finna nýja sameiginlega lausn sem sátt verður um.

Þar sem þingræði ríkir virðist eðlilegast að málskotsrétturinn sé innan þess kerfis, ekki bara til þess að halda heilleika kerfisins sem þó er mikilvægt markmið, heldur einnig til þess að ekki komi upp valdatogstreita milli þings og þjóðar (eða þings og forseta) og þrátefli um mál.

**Aðkoma almennings**

Aðkoma almennings að málinu getur engu að síður verið afgerandi. Ef Alþingi fær undirskriftasöfnun með tugum þúsunda nafna er væntanlega óhjákvæmilegt fyrir stjórnarandstöðuna að kalla eftir þjóðaratkvæðagreiðslu og með undirskriftasöfnuninni verður vald hennar til þess að breyta málinu mjög sterkt.

Málskotsrétturinn í Folketinget hefur ekki leitt til margra þjóðaratkvæðagreiðslna, en rökstyðja má að hann sé hluti af stjórnmálakerfi sem leysir mál í sameiningu en ekki í átökum og hlustar vel á rödd dönsku þjóðarinnar. Og þá er tilganginum náð.

**Áhætta**

Gera þarf skýran greinarmun á málskotsrétti og skoðanakönnun. Málskotsréttur þarf að vera lifandi vald og afdráttarlaust, annars breytir hann stjórnmálunum ekki. Því er varla valkostur að ríkisstjórn sitji eftir að hafa tapað í þjóðaratkvæðagreiðslu rétt eins og hún hafi verið að skoða hvernig landið liggur, aðilar á þingi þurfa að vera tilbúnir að taka áhættu. Ef þeir leggja ekki í það verða þeir að semja um mál þannig að friður myndist um lausnina – og hættan á því að ríkisstjórn falli neyðir hana að samningaborðinu.

**Endurnýjun þingræðisins**

Þá eru ótalin þau endurnýjunaráhrif sem virkur málskotsréttur gæti haft á Alþingi. Stjórnarandstaðan gæti orðið ábyrg í mótun samfélagsreglna sem myndi breyta ásýnd lýðræðisins hér á landi mikið, s.s. framkvæmd þingfunda. Sterk samningsstaða hennar gæti dregið úr hættunni á því að lög frá tíð síðustu ríkisstjórnar séu felld niður eða þeim sé breytt eftir stjórnarskipti. Lagasetning Alþingis gæti orðið samfelldari og uppbygging innviða samfélagsins líka.

> **Á málskotsréttur að vera virkt vald í höndum minnihluta þingmanna eða óvirkt vald aðila, sem eru ekki í aðstöðu til þess að leysa mál?**

Ósennilegt er að minnihlutinn misnotaði málskotsréttinn, enda fælist í því mikill ósigur að tapa þjóðaratkvæðagreiðslu og myndi það veikja aðstöðu hans til þess að hafa áhrif á stjórnarfrumvörp.

**Niðurlag**

Auðvelt er að rökstyðja að virkur málskotsréttur hjá minnihluta Alþingis að danskri fyrirmynd sé það úrræði sem best mætir markmiðum með málskoti.

# Ríkisvaldið mismunar starfsmönnum sínum



**Árni Stefán Jónsson**
formaður SFR stéttarfélags í almannaþjónustu



**Kristín Á. Guðmundsdóttir**
formaður Sjúkraliðafélags Íslands



**Snorri Magnússon**
formaður Landssambands lögreglumanna

Samninganefndir SFR stéttarfélags, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna urðu fyrir gríðarlegum vonbrigðum með útspil samninganefndar ríkisins við framlögðum drögum félaganna að launalið kjarasamninga félaganna á síðasta fundi sínum hjá sáttasemjara. Kröfur félaganna byggja að öllu leyti á þeim samningum sem ríkið hefur þegar gert við aðra ríkisstarfsmenn og á niðurstöðum gerðardóms. Því bjuggust samninganefndir félaganna við umræðu um þau drög til samninganefndanna, enda var gert samkomulag á milli samningsaðila í sumar um að bíða eftir niðurstöðum gerðardóms.

Nú, þegar ítarlega rökstudd niðurstaða dómsins liggur fyrir, er í raun ótrúlegt að ríkisvaldið neiti að horfast í augu við þá niðurstöðu og kjósi frekar að efna til ófriðar við þrjú stærstu félög ríkisstarfsmanna innan vébanda BSRB og mismuna þannig starfsmönnum sínum gróflega.

Í tilboði ríkisins, sem lagt var fyrir samninganefndir félaganna í síðastliðinni viku, er ljóst að ríkisvaldið ætlar þeim hópum ríkisstarfsmanna sem lægst launin hafa að fá mun minni launahækkanir en þegar hefur verið samið um við aðra. Það er algjörlega klárt að þessir starfsmenn munu aldrei sætta sig við slíka mismunun og ef við sem erum í forsvari fyrir þá gerum slíkan samning yrði hann felldur með öllum greiddum atkvæðum.



> **Samninganefndir félaganna skora á ríkisstjórnina að endurskoða tilboð sitt svo samningar náist án íþyngjandi aðgerða.**

Fram kemur í gerðardómnum að niðurstaða hans varðandi hjúkrunarfræðinga og BHM sé í takti við kjarasamninga sem þegar hafa verið gerðir á almennum vinnumarkaði. Krafa opinberra starfsmanna undanfarin misseri hefur verið sú að ná fram jafnrétti í launum á við launafólk á almennum markað. Allar launakannanir, bæði þær sem eru gerðar á vegum stéttarfélaganna sjálfra og tölur frá Hagstofu Íslands, sýna að opinberir starfsmenn bera skarðan hlut frá borði. Laun þeirra eru á bilinu 16-17% lægri en þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði. Þetta er óásættanlegt og þarf að leiðrétta. Samninganefndir félaganna skora á ríkisstjórnina að endurskoða tilboð sitt svo samningar náist án íþyngjandi aðgerða með öllum þeim skaða sem af þeim hlýst.

Samninganefndir SFR stéttarfélags í almannaþjónustu, Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) og Landssambands lögreglumanna (LL) standa sameiginlega í kjaraviðræðum við samninganefnd ríkisins, en félögin þrjú eru stærstu félögin innan BSRB sem semja við ríkið og hópurinn sem samið verður fyrir telur rúmlega 5.200 manns.





Hlynur Bæringsson og Haukur Helgi Pálsson hafa verið heitir fyrir utan þriggja stiga línuna á EM í körfubolta en þeir hafa báðir sett niður sex þrista. fréttablaðið/valli

# Hreinsuðu hugann úti á miðju gólfi

**KÖRFUBOLTI** „Það var mjög gott að það var ekki leikur í dag,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska körfuboltalandsliðsins, en íslenska landsliðið átti hvíldardag í gær þar sem strákarnir söfnuðu orku fyrir lokaátökin í Berlín. Fram undan eru síðan þrír erfiðir leikir á þremur dögum.

„Það er mjög mikil orka sem fer í þetta og ég get ekkert neitað því. Það er gríðarlega erfitt enda margar mínútur og þungir karlar,“ segir Hlynur sem er að berjast við miklu hærri menn undir körfunum.

Hlynur hefur skorað sex af átta körfum sínum í mótinu fyrir utan þriggja stiga línuna og er önnur mesta langskytta riðilsins til þessa. „Takmarkið hjá mér á þessu móti var að geta verið aðeins fyrir utan á móti þessum sleggjum sem vilja það helst ekki,“ segir Hlynur en aðeins liðsfélagi hans, Haukur Helgi Pálsson, hefur skorað jafn marga þrista í riðlinum í Berlín. Þeir eru báðir með sex þrista og 55 prósent nýtingu.

Íslenska liðið fór í jóga á miðju gólfinu í Mercedes-Benz höllinni í gær. „Það er mjög þægilegt að ná því að kúpla sig frá umheiminum í smá stund. Það er mjög gott að hreinsa hugann. Þetta var mjög hugguleg stund,“ segir Hlynur.

„Ég held að Serbar séu mjög líklegir til að vinna þetta mót enda voru þeir í öðru sæti á HM í fyrra,“ segir Hlynur um mótherja dagsins. „Við verðum bara að vera stoltir og vera á fullu á móti þeim allan tímann. Það koma erfiðir tímar í þessum leik og það eru meiri líkur en minni að þeir nái einhverjum góðum spretti. Þá verðum við að vera sterkir því ef þeir finna lyktina af blóði þá keyra þeir yfir liðin,“ segir Hlynur. ooj@frettabladid.is




## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Þór/KA 1–2 Breiðablik**
1-0 Lillý Rut Hlynsdóttir (25.), 1-1 Telma Hjaltalín Þrastardóttir (47.), 1-2 Fanndís Friðriksdóttir (62.).
Með sigrinum tryggðu Blikar sér sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil síðan 2005. Þór/KA datt niður í 4. sæti með tapinu.

**Þróttur 0–2 Stjarnan**
0-2 Ásgerður Stefanía Baldursdóttir (17), 0-2 Francielle Manoel Alberto (86.).
Stjarnan þurfti sigur til að halda lífi í titilvonum sínum. Hann dugði hins vegar skammt þar sem Breiðablik vann sinn leik. Stjarnan endar í 2. sæti og Þróttur í því 10. og neðsta.

**KR 1–7 Selfoss**
1-0 Shakira Duncan (22.), 1-1 Dagný Brynjarsdóttir (28.), 1-2 Guðmunda Brynja Óladóttir, víti (31.), 1-3 Erna Guðjónsdóttir (44.), 1-4 Dagný (54.), 1-5 Donna Kay Henry (71.), 1-6 Guðmunda (76.), 1-7 Henry (90+2).
Selfoss fór upp í 3. sæti með risasigri á KR-ingum. Dagný Brynjarsdóttir, Guðmunda Brynja Óladóttir og Donna Kay Henry skoruðu allar tvö mörk.

**Afturelding 0–1 Fylkir**
0-1 Jasmín Erla Ingadóttir (16.).
Hin 17 ára gamla Jasmín Erla Ingadóttir gerði eina mark leiksins og sendi þar með Aftureldingu niður í 1. deild.

**ÍBV 1–1 Valur**
Upplýsingar um markaskorara voru ekki komnar áður en blaðið fór í prentun.
ÍBV er í 5. sæti deildarinnar en Valur í því sjöunda. Valskonum hefur gengið illa að undanförnu og ekki unnið leik síðan 21. júlí.

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Efst** | | **Neðst** | |
| Breiðablik | 47 | Fylkir | 25 |
| Stjarnan | 42 | | |
| Selfoss | 33 | | |
| Þór/KA | 30 | | |
| ÍBV | 26 | | |
| **Neðst** | | | |
| Valur | 22 | | |
| KR | 12 | | |
| Afturelding | 7 | | |
| Þróttur R. | 2 | | |

**Blix kvk Íslandsmeistarar. TIL HAMINGJU stelpur, virkilega vel gert.**
Arnór Sveinn Aðalsteinsson
@arnorsveinn

**TÍU ÁRA BIÐ BLIKA Á ENDA**
Fanndís Friðriksdóttir skoraði sigurmark Breiðabliks gegn Þór/KA á Þórsvelli í gær. Þetta var 19. mark Fanndísar í sumar og með því tryggði hún Blikum Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn síðan 2005. Það var vel við hæfi að Fanndís skyldi skora markið dýrmæta en hún er sú eina í leikmannahópi Breiðabliks sem var í Íslandsmeistaraliðinu fyrir tíu árum. Þá var Fanndís einungis 15 ára en hún gerði eitt mark í þremur leikjum þá um sumarið.



Fanndís er langmarkahæst í Pepsi-deild kvenna í ár en hún er að eiga sitt besta tímabil á ferlinum.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| **18.45** | **Svíþjóð – Austurríki** | Sport |
| **18.45** | **England - Sviss** | Sport 2 |
| **18.45** | **Slóvakía - Úkraína** | Sport 3 |
| **16.30** | **Ísland U21 - N-Írland** | Fylkisvöllur |



**ANDLEG LÍÐAN ÍÞRÓTTAFÓLKS**
**Málþing um andlega líðan íþróttamanna verður haldið í HR á morgun. Meðal annars verður greint frá lokaverkefni Margrétar Láru Viðarsdóttur um geðræn vandamál íslenskra afreksíþróttamanna.**
**Síða 4**

# D-VÍTAMÍN SPREY, EINFALT OG GOTT

*GENGUR VEL KYNNIR öflugt D-vítamín; Dlúx 3000, sem úðað er undir tungu og rannsóknir sýna að virkar fljótt og vel.*

Þegar sólin er eins sjaldséð og raun ber vitni hér á landi er mikilvægt að fá D-vítamín eftir öðrum leiðum.




### D-VÍTAMÍNSKORTUR Á NORÐURSLÓÐUM

„Rannsóknir sýna að D-vítamín skortur er mikill á norðurslóðum og geta einkennin lýst sér í depurð, vöðva- og beinverkjum, þreytu og orkuleysi. Það er alveg nauðsynlegt að fá D-vítamín eftir öðrum leiðum en frá sólinni,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.

### STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

D-vítamín er oft talið eitt nauðsynlegasta vítamín sem mannslíkaminn þarfnast. Það spilar lykilhlutverk í bein- og tannheilsu, hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfið og getur því spilað stórt hlutverk í að fyrirbyggja og losa okkur við flensu, kvef og aðra fylgifiska vetrarins.

### SPREYJAÐ UNDIR TUNGU

Dlux 3000 er spreyjað undir tungurót til að tryggja fljóta og örugga upptöku. Rannsóknir sem gerðar voru á vegum Cardiff-háskóla í Bretlandi sýndu að sprey undir tungu skilar D-vítamíni betur inn í blóðrásina en töflur sem fara í gengum meltingarveginn. Þegar efnin komast í snertingu við slímhúðina undir tungunni seytla þau í gegnum hana. Þar sem vefurinn undir tungunni er ríkur af háræðum berast þau þaðan hratt inn í blóðrás líkamans.




**BETRA EN TÖFLUR**
„Sprey undir tungu skilar D-vítamíni betur inn í blóðrásina en töflur sem fara í gegnum meltingarveginn,“ segir Ásta Kjartansdóttir.

**AF HVERJU DLUX 3000?**
- D-vítamín er eitt nauðsynlegasta vítamínið fyrir líkamann
- Er í munnúðaformi og tryggir hámarks upptöku og nýtingu
- Þægilegt í notkun
- Vítamínið fer beintút í blóðrásina
- Með góðu piparmyntubragði
- Hentar grænmetisætum
- Í hverju glasi eru 100 úðar eða 3 mánaða skammtur

**D-VÍTAMÍN**
„Rannsóknir sýna að D-vítamínskortur er mikill á norðurslóðum.“

***Sölustaðir:*** *Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.*


## LEIÐSÖGUNÁM
**VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU**

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálaskóla Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.


Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**



## ALLRA VEÐRA YFIRHAFNIR



**Skoðið laxdal.is/yfirhafnir**

www.laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422
Vertu vinur á Facebook



## Sjónmælingar í Optical Studio



Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

**Tímapantanir í síma:**

**Optical Studio í Smáralind**
**sími 5288500**

**Optical Studio í Keflavík**
**sími 4213811**

**Optical Studio í Leifsstöð**
**sími 4250500**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429









**BREYTT HLUTVERK** „Margir huga meira að veraldlegum undirbúningi fyrir komu barnsins, til dæmis með því að kaupa hitt og þetta, í stað þess að undirbúa það sem mestu máli skiptir, að undirbúa sig fyrir breytt hlutverk í lífinu, umönnun barnsins og samskipti foreldra,“ segja þær Matthildur og Ingunn Ásta. MYND/GVA

# ÞÖRF FYRIR FRÆÐSLU

***RÁÐGJÖF*** *Ingunn Ásta Sigmundsdóttir og Matthildur Jóhannsdóttir halda í fyrsta sinn námskeiðið Barnið komið heim, hvað svo? fyrir verðandi foreldra. Þær telja mikla þörf fyrir slík námskeið sem og fræðslu og ráðgjöf til foreldra.*

Við fæðingu barns getur ýmislegt gerst sem foreldrar eiga ekki endilega von á. Umönnun ungabarns getur verið verulega krefjandi á svo margan hátt um leið og þetta er eitt skemmtilegasta hlutverk sem fólki er falið lífinu. Barnið komið heim, hvað svo? er nýtt námskeið, sérstaklega ætlað foreldrum sem eiga von á sínu fyrsta barni og er það haldið af þeim Ingunni Ástu Sigmundsdóttur, uppeldis- og menntunarfræðingi og Matthildi Jóhannsdóttur, félagsráðgjafa. „Að ala upp barn er mikil ábyrgð og geta foreldrar upplifað sig vanmáttuga í ákveðnum aðstæðum en okkar markmið er að undirbúa foreldra bæði fyrir umönnun barnsins og samskipti sín á milli. Með því að hafa aðgang að fræðslu og ráðgjöf um umönnun og uppeldi barnsins geta foreldrar leitað upplýsinga eða fengið stuðning til að takast á ábyrgan máta við aðstæður, áður en allt er komið í óefni,“ segir Ingunn Ásta. „Við hjá EIK viljum vera sá aðili sem fólk leitar til fyrst til að greina vanda og þörf fyrir ráðgjöf eða stuðning,“ bætir Matthildur við.

Nýstofnað fyrirtæki þeirra Matthildar og Ingunnar Ástu heitir EIK fræðslu- og fjölskylduráðgjöf, og sérhæfa þær sig í fræðslu og ráðgjöf við fjölskyldur. Hugmyndin að Eik og námskeiðum um foreldrahlutverkið kviknaði árið 2008 þegar Ingunn Ásta eignaðist sitt fyrsta barn. Henni fannst vanta fræðslu fyrir nýbakaða foreldra um allt sem gerist á fyrstu mánuðunum eftir fæðingu. Ári síðar eignaðist Matthildur sitt fyrsta barn og Ingunn Ásta tók eftir samhljómi í vangaveltum hennar um fyrsta æviár barnsins, á hverju væri von. „Við kynntumst í mömmuhópi og þar var það sama uppi á teningnum með aðra þátttakendur í hópnum. Við Matthildur vorum sammála um að það vantaði fræðslu um hvað tekur við þegar barnið er komið í heiminn og ákváðum að við myndum dag einn stofna fyrirtæki í kringum fræðsluna og bjóða einnig upp á uppeldis- og fjölskylduráðgjöf. Hugmyndin um fræðslu- og ráðgjafarfyrirtæki hefur vaxið, þróast og dafnað með okkur síðan árin 2008-2009, í millitíðinni höfum við samanlagt eignast fjögur börn til viðbótar, menntað okkur og aflað okkur reynslu á vinnumarkaði,“ útskýrir Ingunn Ásta.

EIK er í raun með tvíþætt markmið, annars vegar að vera með fræðslu og forvarnir og hins vegar að vera með ráðgjöf fyrir foreldra en EIK ráðgjöf mætir þörfinni þar sem hún er að sögn Matthildar. „Þörfin fyrir slíka ráðgjöf og námskeið er mikil af viðbrögðunum við stofnun fyrirtækisins að dæma, en hún kom okkur svo sem ekki á óvart. Við fundum fyrir þörfinni þegar við lögðum af stað í ítarlega rannsóknarvinnu þegar við vorum að undirbúa okkur og fengum mörg hundruð svör við alls kyns spurningum sem við lögðum fram. Þörfin fyrir að ræða foreldrahlutverkið og koma þekkingu áfram er greinilega mikil. Þegar við vorum að greina gögnin kom í ljós að allir voru að fást við sömu ákveðnu atriðin í umönnun barnsins og lífinu almennt eftir að barnið kemur í heiminn. Svörin endurspegluðu okkar vangaveltur á sínum tíma. Í svörunum kom til dæmis fram að mörgum kom á óvart hversu mikið parasambandið gat breyst á stuttum tíma eftir komu barnsins. Þetta fannst okkur áhugavert. Margir huga meira að veraldlegum undirbúningi fyrir komu barnsins, til dæmis með því að kaupa hitt og þetta, í stað þess að undirbúa það sem mestu máli skiptir, að undirbúa sig fyrir breytt hlutverk í lífinu, umönnun barnsins og samskipti foreldra,“ segir Matthildur.

Námskeiðið Barnið komið heim, og hvað svo? er hugarsmíð þeirra Ingunnar Ástu og Matthildar frá grunni til framkvæmdar. „Við vinnum eftir hugmyndafræðinni um valdeflingu, en hún felst meðal annars í því að hjálpa fólki að finna sína eigin styrkleika og nýta þá. Við viljum efla trú fólks á eigin getu með fræðslu og ráðgjöf bæði fyrir fæðingu og eftir að barnið kemur í heiminn. Með því að fræðast, æfa sig, máta sig í hlutverkum og að efla eigin styrkleika getur maður betur tekist á við nýjar aðstæður af festu og öryggi,“ segir Ingunn Ásta. „Námskeiðið okkar er frábær undirbúningur fyrir þá stórkostlegu vegferð sem hefst við fæðingu barns. Við trúum því að foreldrar séu betur í stakk búnir til að takast á við nýtt hlutverk af festu og öryggi hafi þeir haldgóða þekkingu á því sem fram undan er. Almennt vilja allir verðandi foreldrar standa sig vel og námskeiðið veitir fólki upplýsingar og fjallar um hagnýt atriði sem vert er að hafa í huga,“ segir Matthildur.

liljabjork@365.is

## VANDAVERK

„Að ala upp barn er mikil ábyrgð og geta foreldrar upplifað sig vanmáttuga í ákveðnum aðstæðum en okkar markmið er að undirbúa foreldra bæði fyrir umönnun barnsins og samskipti sín á milli. Með því að hafa aðgang að fræðslu og ráðgjöf um umönnun og uppeldi barnsins geta foreldrar leitað upplýsinga eða fengið stuðning til að takast á ábyrgan máta við aðstæður, áður en allt er komið í óefni.“

# MINDCARE JAFNVÆGI OG EINBEITING

**RARITET KYNNIR** *Mikilvægustu næringarefnin fyrir hjarta og miðtaugakerfi í einni blöndu. MindCare Balance og Focus eykur einbeitingu og orku undir álagi.*



EINSTÖK VARA
Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari, tekur MindCare til að auka einbeitingu, orku og vellíðan.
MYND/GVA

Í nútíma þjóðfélagi er víða mikill hraði og streita. Vaxandi framboð og neysla á unnum og næringarsnauðum mat getur aukið líkur á fjölmörgum lífstílssjúkdómum. Í ljósi þess tel ég mikilvægt að allir geri reglubundna hreyfingu að lífsstíl sem og vandi valið á mat og næringu," segir Víðir Þór Þrastarson, íþróttafræðingur og heilsunuddari.

„Sjálfur hef ég tamið mér slíkan lífsstíl og að auki tek ég inn fæðubótarefni til að fá nægjanlegt magn næringarefna svo líkaminn starfi á sem farsælastan hátt. Bætiefni sem hjálpa mér að takast á við streitu, auka einbeitingu, orku og vellíðan.

**ALLT Í EINUM PAKKA**

„Hingað til hef ég þurft að kaupa fjölmörg vítamín og bætiefni til að ná þessu fram. Nú er að koma á markað vara þar sem flest öll innihaldsefnin eru í einum pakka. MindCare er einstök vara þar sem vísindin og náttúran mætast. Einungis eru notuð bestu fáanlegu innihaldsefni með sannaða virkni. Með MindCare tel ég mig fullkomna næringarinntöku mína. Það eina sem ég tek að auki eru meltingargerlar (Optibac extra strong) og undir miklu álagi Sambucol, sem styrkir ónæmiskerfið."

**STYRKIR MIÐTAUGAKERFIÐ OG HJARTAÐ**

MindCare Balance og Focus inniheldur lykil-næringarefni með sannaðri virkni til að styrkja miðtaugakerfið, hjarta og æðakerfi og starfsemi skjaldkirtils.

**DAGLEGUR SKAMMTUR:**

**1 hylki af Omega 3 með 80% EPA/DHA, D3 1000AE og náttúrulegu E-vítamíni.**
**1 hylki af lykilnæringarefnum fyrir miðtaugakerfið.**

**VIÐURKENND VIRKNI**

- Omega-3 styrkir hjarta og æðakerfi og viðheldur eðlilegri heilastarfsemi
- B-vítamín, C-vítamín og magnesíum eru mikilvæg fyrir eðlilega starfsemi taugakerfis
- B-vítamín, C-vítamín, fólasín og magnesíum draga þar með úr streitu og stuðla að jafnvægi
- B-vítamín, magnesíum og fólat draga úr þreytu og sleni
- B5-vítamín er mikilvægt fyrir framleiðslu taugaboðefna og styrkir andlega virkni
- Koffín eykur athygli og orku
- Selenium er m.a. mikilvægt fyrir eðlilega starfsemi skjaldkirtils
- D-vítamín er nauðsynlegt öllum frumum líkamans, styrkir ónæmiskerfið, eðlilega vöðvastarfsemi og er mikilvægt fyrir hjarta og æðakerfi.

Útsölustaðir Lyfja, Apótekið og Heilsuhúsið





Acetyl,l-carnitine, l-theanine, koffín og taurine

Extra sterkt 75% omega-3 EPA & DHA D-vítamín - 25ug og náttúrulegt E-vítamín

B- og C-vítamín og sink og míkró næringarefni fyrir heilann

**MindCare FOCUS Meiri einbeiting**





Magnesíum glycinate og l-theanine

Extra sterkt 75% omega-3 EPA og DHA D-vítamín - 25 ug og náttúrulegt E-vítamín

Fólasín, B-vítamín blanda, C-, D3- og E-vítamín og seleníum

**MindCare BALANCE Jafnvægi og slökun**

# FLATUR MAGI Á SJÖ DÖGUM

**RARITET KYNNIR** *OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum í maga. Þeir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi. One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.*

Ég stunda strangar æfingar alla daga og það útheimtir mikla orku. Ég þarf að byggja upp orkuna bæði fyrir æfingarnar og til að eiga eitthvað afgangs fyrir fjölskylduna og daglegt líf. Það reynir verulega á líkamann að standast álagið sem fylgir því að vera dansari og keppa á meðal þeirra bestu," segir Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Algengt er að fólk fái pestir, svo sem kvef og flensu eða í magann, þegar líkaminn er undir miklu álagi. Því er mikilvægt að huga vel að mataræðinu og taka inn OptiBac-meltingargerla en 60% af ónæmiskerfisfrumunum er að finna í meltingarveginum. Vinveittar bakteríur úr OptiBac styrkja varnarkerfi líkamans.

**VIÐKVÆM Í MAGA**

Hanna Rún kynntist nýlega OptiBac-meltingargerlunum. OptiBac – One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.

„Ég er sjálf með magavandamál. Ég þoli illa glúten, brauð og mjólk og er alltaf í miklum vandræðum þegar kemur að keppnum. Þá þarf ég að passa mjög vel hvað ég læt ofan í mig. Það er dagamunur á mér, stundum get ég vel borðað brauð án þess að finna fyrir neinu en aðra daga fer það rosalega illa í mig. Við ferðumst líka mjög mikið í tengslum við keppnir og þá er ég kannski að borða öðruvísi mat en ég er vön. Það kemur oft fyrir að maginn á mér þenst út, mér verður illt og ég lít nánast út fyrir að vera komin nokkra mánuði á leið. Það er erfitt að keppa í þröngum kjól með útblásinn maga," segir Hanna Rún.

„Meðan á blæðingum stendur þenst kviðurinn líka gjarnan út og þá er mjög erfitt að halda maganum inni. One Week Flat kemur sér vel þá daga sem þær standa yfir."

Fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum.

**ÞARF EKKI AÐ GLEYPA PILLUR**

„Það er líka stór kostur við One Week Flat að það er í duftformi en ekki í töflum. Ég hef alltaf átt mjög erfitt með að gleypa töflur, sama hversu litlar þær eru. Þess vegna líst mér sérstaklega vel á að One Week Flat er í duftformi, ég get þá bara hrært það út í vatn," segir Hanna Rún.







**ONE WEEK FLAT**

- OptiBac-meltingargerlarnir henta þeim sem þjást af óþægindum vegna lofts í maga sem getur stafað af mataróþoli eða vanvirkni í meltingarstarfsemi.
- One Week Flat er sjö daga kúr sem inniheldur vinsamlegar bakteríur eins og acidophilus og prebiotics-trefjar.
- Gerlarnir hjálpa til við niðurbrot mjólkursykurs og sterkju í meltingarvegi og koma í veg fyrir óþægindi sem tengjast fæðuóþoli.
- One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.
- Vörurnar frá OptiBac innihalda blöndu sýruþolinna meltingargerla sem komast örugglega og lifandi gegnum magasýrur smáþarma, þar sem þeim er ætlað að virka.

# ANDLEG LÍÐAN ÍÞRÓTTAMANNA

**UNNIÐ GEGN FORDÓMUM** *Efnt verður til málþings um andlega líðan íþróttamanna í Háskólanum í Reykjavík á morgun. Greint verður frá rannsókn Margrétar Láru Viðarsdóttur á geðrænum vandamálum íslenskra afreksíþróttamanna.*

Geðrænn vandi og andleg líðan íþróttamanna hefur komið upp í umræðunni síðustu misseri enda hafa nokkrir íþróttamenn stigið fram og sagt frá baráttu sinni við geðræna kvilla á borð við þunglyndi og kvíða. Í kjölfarið hefur verið óskað eftir því að íþróttahreyfingin fjalli um þessi mál," segir Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur og sviðsstjóri íþróttafræðisviðs Háskólans í Reykjavík. Til að koma til móts við þessar óskir efnir HR í samstarfi við Knattspyrnusamband Íslands og Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands til málþings um andlega líðan íþróttamanna miðvikudaginn 9. september frá klukkan 16 til 17.30 í stofu M208 í Háskólanum í Reykjavík.

**GEÐRÆNN VANDI ATVINNUMANNA**

Hafrún mun sjálf flytja eitt af erindum málþingsins. „Við Margrét Lára Viðarsdóttir erum samhöfundar erindisins en Margrét Lára útskrifaðist úr íþróttafræðinni í HR í fyrra. Lokaverkefni hennar fjallaði um tíðni geðrænna vandamála hjá íslenskum atvinnumönnum í handbolta, fótbolta og körfubolta. Hún sendi spurningalista á alla atvinnumenn eldri en átján ára og fékk 90 prósent svarhlutfall," lýsir Hafrún en lagðir voru fyrir bæði þunglyndis- og kvíðaskimunarlistar.

„Ég mun fjalla um niðurstöður rannsóknar hennar og greina frá sambærilegum erlendum rannsóknum sem eru þó ekki margar. Þá mun ég fjalla almennt um þunglyndi og kvíða og hvað er vitað um slíkt meðal afreksíþróttamanna," segir Hafrún.

En hverjar eru helstu niðurstöðu rannsóknarinnar? „Niðurstaðan var sú að tíðni þunglyndis hjá afreksíþróttamönnum er svipuð og hjá almenningi. Hins vegar virðast þeir kvíðnari en almennt gerist," segir Hafrún og telur líklegt að sífelld pressa um að standa sig og miklar kröfur geti leitt þennan kvíða af sér.

Almenn niðurstaða rannsókna sýni að geðrænn vandi íþróttamanna sé að minnsta kosti jafn mikill og hjá hinu almenna þýði. „Það hefur hins vegar verið tilhneiging til að halda að þessi vandi sé minni meðal afreksíþróttamanna enda eru þeir heilbrigðir, dýrkaðir og dáðir," segir Hafrún og vísar í máltækið „heilbrigð sál í hraustum líkama". „En vandinn á heima þar eins og annars staðar."

**GEGN FORDÓMUM**

Sævar Ólafsson mun halda erindið Íþróttaiðkun í mótvindi og svartnætti. „Sævar vann að verkefni hér í HR þar sem hann talaði við þrjá íþróttamenn sem allir hafa glímt við þunglyndi og kvíða. Hann mun fjalla um hvernig þeim þótti íþróttafélögin, liðsfélagarnir og íþróttahreyfingin bregðast við. Hann mun fjalla um fordóma gagnvart geðrænum vandamálum en vísbendingar eru um að þeir séu meiri innan íþróttahreyfingarinnar en annars staðar," upplýsir Hafrún.

Hún segir þó ýmislegt að breytast í rétta átt, til dæmis skipti miklu að nokkrir íþróttamenn hafi stigið fram og greint frá reynslu sinni. Til dæmis Ingólfur Sigurðsson knattspyrnumaður sem mun segja frá glímu sinni við geðræna erfiðleika á málþinginu.

„Þessar reynslusögur eru fyrsta skrefið til að sporna við fordómum en það er einnig eitt af markmiðum þessa málþings," segir Hafrún.

Hún hvetur fólk til að mæta á málþingið sem er opið öllum.

solveig@365.is




**SÁLFRÆÐINGUR** Hafrún segir jákvætt að umræðan um andlega líðan íþróttamanna hafi opnast. MYND/ANTON

**ÖLLUM OPIÐ**

Málþingið verður haldið í stofu M208 í Háskólanum í Reykjavík miðvikudaginn 9. september frá klukkan 16 til 17.30. Það er opið öllum.








# AF HVERJU ER KAFFI HRESSANDI?

*Kaffi er óneitanlega hressandi en hvað gerist í líkamanum þegar það er drukkið? Breska blaðið Daily Mail leitaði svara við því hjá Steve Bazire, prófessor í lyfjafræði við háskólann í Austur-Anglíu.*

- Kaffi, eða koffín sem er virka efnið í kaffi, ræsir „fight or flight"-viðbragðið sem öllum er í blóð borið. Það fer í gang þegar við skynjum skyndilega hættu og hjálpar okkur að bregðast við. Hjartslátturinn verður örari, blóðþrýstingurinn hækkar og við fáum tímabundið aukna orku.
- Kaffi leysir úr læðingi hormónið dópamín sem veldur vellíðan og dregur tímabundið úr þreytu.
- Kaffi er skjótvirkt. Það nær hámarksvirkni í líkamanum 30-40 mínútum eftir að þess er neytt.
- Kaffi bælir melatónínframleiðslu líkamans en melatónín er hormón sem hjálpar til við slökun og undirbýr líkamann fyrir svefn. Kaffi hefur sömuleiðis áhrif á efni í heilanum sem kallast adenósín. Það hægir á taugaboðefnum og ýtir undir syfju.
- Styrkur koffíns í líkamanum helmingast á þremur til sex tímum. Þess vegna ætti að forðast drykkju þess fjórum til sex tímum fyrir svefn.
- Flestir sem drekka kaffi að staðaldri mynda þol og það hættir að virka hressandi.
- Flestir fá sömuleiðis fráhvarfseinkenni, eins og hausverk, ef þeir hætta skyndilega að drekka kaffi. Best er að minnka drykkjuna hægt og rólega.
- Bazire mælir ekki með því að fólk drekki fleiri en þrjá bolla á hverjum sólarhring. Sé drykkjunni haldið innan þeirra marka er hún hressandi og flestum til ánægju. Fari drykkjan mikið yfir það minnka áhrifin auk þess sem ýmsar aukaverkanir geta komið fram.



Morgunumferðin um Miklubraut og Kringlumýrarbraut yfir á Bústaðaveg.

# FLOTINN YNGRI EF MIÐAÐ ER VIÐ BÍLA Í UMFERÐ EN EKKI ALLA SKRÁÐA BÍLA

**Ef sömu aðferðum er beitt við samanburð á aldri bílaflota landsmanna og á meginlandi Evrópu sést að hann er 1,2 árum eldri, en ekki 3 árum eldri eins og títt hefur verið bent á. Er 10,9 ára en ekki 12,7 ára.**

Frá efnahagshruninu árið 2008 hefur aldur bílaflota landsmanna hækkað og nokkuð hefur verið í umræðunni að bílaflotinn væri æði gamall. Samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu er bílafloti landsmanna nú um 12,7 ára að meðaltali en meðaldur bíla í Evrópusambandinu samkvæmt tölum frá Samtökum evrópskra bílaframleiðenda er 9,7 ár. Þarna munar miklu, en eru tölurnar sambærilegar og er sömu aðferð beitt við þennan útreikning? Svarið er einfalt, nei, það er hann ekki. Í tölunum frá Samtökum evrópskra bílaframleiðenda er miðað við bíla sem eru í umferð, en hér á landi er miðað við bíla á skrá.

### Bílar á skrá eða bílar í umferð

Á þetta benti Árni Davíðsson í grein á visir.is í fyrra. Árni hefur bent á að þessar tölur séu ekki samanburðarhæfar og víst er að það er rétt ef beitt er þessum tveimur mismunandi aðferðum. Bílar á skrá eru allir bílar sem ekki hafa verið afskráðir. Þar á meðal eru bílar sem ekki eru í umferð og eigendur þeirra hafa tekið af númerum til að greiða ekki af þeim tryggingar og opinber gjöld. Þessir bílar eru æði margir og sumir þeirra gamlir og hækka meðalaldur bílaflotans verulega. Margir þessara bíla eru vafalaust bílar sem eigendur hafa ekki fargað og því ekki teknir af skrá. Samkvæmt upplýsingum frá Þórhildi, Elínardóttur, upplýsingafulltrúa Samgöngustofu, en stofnunin heldur utan um upplýsingar um bílaflota landsmanna, er bæði hægt að birta upplýsingar um aldur bílaflotans eftir skráðum bílum og bílum í umferð. Þær tölur sem notast hafi verið við hér á landi hafi þó verið tölur um bíla á skrá. Til standi hjá Samgöngustofu að birta einnig tölur um bíla í umferð og þá sé einmitt hægt að bera með réttu saman samsvarandi tölur frá Samtökum evrópskra bílaframleiðenda.

### Bílaflotinn 1,2 árum eldri, ekki 3 árum eldri

Eftir stendur að bera þarf saman sambærilegar tölur þar sem beitt er sömu aðferðum og á meginlandinu. Bera þarf saman epli og epli, en ekki epli og appelsínur! Árni hefur einnig bent á að líklega er meðalaldur bíla hér á landi um 10,9 ár, ekki 12,7 ár og er þá miðað við bíla í umferð. Miðast tölur Árna við það að í október árið 2013 munaði 1,8 ári á bílaflota landsmanna eftir því hvort miðað var við bíla á skrá eða bíla í umferð og líklegt að sú tala hafi lítið breyst síðan þá. Meðalaldurinn á meginlandinu er 9,7 ár svo meðalaldur bílaflota landsmanna er því um 1,2 árum hærri. Hann er þó 3 árum hærri ef áfram væri miðað við bíla á skrá. Í framhaldinu væri rétt að bera saman aldur bílaflota landsmanna með sama hætti og gert er hjá Samtökum evrópskra bílaframleiðenda ef bera á þá saman.




BETRA START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
Ellingsen

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858

# BÍLAFRAMLEIÐENDUR ÁKÆRÐIR VEGNA LYKILLAUSRAR RÆSINGAR

Algerlega óþörf tækni sem enginn bað um og er stórhættuleg að auki.




Allt frá árinu 2003 hafa bílaframleiðendur boðið bíla sína með lykillausri ræsingu þar sem ýtt er á ræsingarhnapp. Þessi tilhögun getur þó reynst hættuleg þar sem bíleigendur yfirgefa gjarnan bíla sína með lyklana í vasanum og telja með því að bílar þeirra drepi á sér. Gjarnan er það gert í bílskúrum sem áfastir eru heimilum þeirra og ef ekki drepst á bílunum er hætta á CO2 eitrun þar sem bílarnir eru ennþá í gangi. Nú hefur verið lögð fram ákæra í Bandaríkjunum á hendur þeim bílaframleiðendum sem útbúa bíla sína með þessari tækni. Ákæran er til marks um það að bíleigendur telji þessa þessa lykillausu ræsingartækni algerlega óþarfa, enginn hafi beðið um þessa tækni og að auki sé hún hættuleg.

### Í besta falli óþörf tækni en í versta falli lífshættuleg

Margir bíleigendur hafa ekki skilið til hvers þessi tilhögun var fundin upp þar sem lyklar að bílum þeirra hafi engan tilgang lengur nema til að opna bíla sína og hættara sé við því að þeir týnist vegna tilgangsleysis þeirra. Meðal þeirra bílaframleiðenda sem eru kærðir nú eru BMW, Mercedes Benz, Fiat-Chrysler, Ford, GM, Honda, Hyundai, Kia, Nissan, Toyota og Volkswagen. Ákærendur segja að þessir framleiðendur selji bíla sína sem örugga bíla, líkt og þeir gerðu með gallaða Takata-öryggispúða og gallaða ræsingarsvissa frá General Motors, en staðreyndin sé önnur.

### Hafa þekkt hættuna frá 2003

Ákærendur segja að bílaframleiðendurnir hafi vitað frá árinu 2003 að lykillaus ræsing sé hættuleg og hafi frá upphafi falið í sér hættu á koltvísýringseitrun. Enn fremur er ákærunni beint að því að bílaframleiðendurnir hafi látið ógert að útbúa þessa bíla með lykillausri ræsingu með afar ódýrum búnaði sem slekkur á vélum bíla sem skildir eru eftir í gangi eftir ákveðinn tíma. Þannig búnaður myndi aðeins kosta bílaframleiðendurna 13 dollara á hvern bíl, eða innan við 1.700 krónur. Með því hefði mátt koma í veg fyrir 13 dauðsföll og langtum fleiri eitranir, sem þó leiddu ekki til dauðsfalla. Í ákærunni er krafist bóta fyrir þær fjölskyldur sem orðið hafa fyrir eitrun, hvort sem hún hefur leitt til dauðsfalla eða ekki. Koltvísýringseitranir sem leiða til dauða og ekki teljast til sjálfsmorða eru 430 talsins í Bandaríkjunum á hverju ári.



Mazda CX-3.

## Forval í kjöri á bíl ársins ljóst

Litli jepplingurinn Mazda CX-3 hefur fengið frábærar móttökur frá því hann kom á markað í vor og hefur bæði selst vel hér á landi og um allan heim. Vandamál Mazda, sem margir aðrir bílaframleiðendur vildu einmitt hafa, er að geta ekki framleitt nógu mörg eintök af bílnum. Áætlað er að um fjórðungur heimsframleiðslunnar verði í Evrópu og að 38.000 bílar seljist af honum þar á ári. Ef eftirspurnin verður meiri en það verða til framleiðsluvandamál hjá Mazda, líkt og gerst hefur með fleiri bílgerðir Mazda undanfarið, t.d. Mazda CX-5. Mazda er byggður á sama undirvagni og Mazda 2 fólksbíllinn, en er aðeins lengri og hærri. Hann má fá bæði framhjóladrifinn og fjórhjóladrifinn, en það er ekki títt með smærri jepplinga nú til dags. Hann keppir í sama flokki og aðrir vinsælir jepplingar eins og Renault Captur, Peugeot 2008, Fiat 500X og Opel Mokka. Mazda CX-3 verður seldur í Bandaríkjunum, Asíu og Ástralíu auk heimalandsins Japans og í Evrópu.




Peugeot 308 var bíll ársins í fyrra.

## Forval í kjöri á bíl ársins ljóst

Kjör á bíl ársins verður kunngert í þessum mánuði en nú er ljóst hvaða þrír bílar eru komnir í úrslit í hverjum þeirra fimm flokka sem bílarnir eru flokkaðir í. Flokkarnir eru minni fólksbílar, stærri fólksbílar, jepplingar, jeppar og umhverfisvænir bílar. Það eru blaðamenn í Bandalagi íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) sem standa að valinu sem fyrr. Alls var 31 bíll í forvalinu og eiga þeir það sameiginlegt að vera bílar nýrrar kynslóðar eða glænýir bílar. Í flokki smærri fólksbíla eru komnir í úrslit bílarnir Citroën C4 Cactus, Mazda 2 og Skoda Fabia. Í flokki stærri fólksbíla er það Ford Mondeo, Skoda Superb og Volkswagen Passat. Í flokki jepplinga komust í úrslit bílarnir Mazda CX-3, Nissan X-Trail og Renault Kadjar. Í jeppaflokki eru í úrslitum Audi Q7, Land Rover Discovery Sport og Volvo XC-90. Í flokki umhverfisvænna bíla eru síðan Tesla Model S, Volkswagen E-Golf og Volkswagen Golf GTE. Lokaprófun á þessum bílum sem komnir eru í úrslit fór fram í byrjun þessa mánaðar og bíll ársins verður svo valinn fljótlega í kjölfarið.

# BÍLEIGENDUR VILJA EKKI NÝJUSTU TÆKNI Í BÍLANA



Bílaframleiðendur eyða miklum fjármunum í að troða hinum ýmsu tækninýjungum í bíla sína en kannanir sýna að bílkaupendur hafa margir hverjir afar takmarkaðan áhuga á þessum tækninýjungum. Könnun sem J.D. Power gerði sýnir að 20% bíleigenda nota alls ekkert 16 af 33 tækninýjungum sem finna má í nýjum bílum. Meðal þessara tækninýjunga er sjálfvirk lagning í stæði, nettenging í bílum, vörpun upplýsinga á framrúðu og innbyggð öpp í afþreyingarkerfi. Í könnuninni kemur fram að ekki bara er þessi nýja tækni ekkert notuð heldur láta bíleigendur í ljós að þeir vilji alls ekki hafa hana í bílum sínum.

### Tengimöguleikar lítið notaðir

Margir af þeim tengimöguleikum sem bjóðast í bíla eru lítið notaðir, en hins vegar er almennt mikil ánægja með árekstrarvið-varanir, blindpunktsviðvaranir og búnað sem bremsar sjálfur við aðsteðjandi hættu. Bílaframleiðendur hafa eytt milljörðum dollara í þróun tengimöguleika í bíla sína svo það hlýtur að teljast áfall fyrir þá að sjá að hann er lítið notaður og fyrir vikið gætu bílar líklega verið talsvert ódýrari. Könnun J.D. Power leiddi einnig í ljós að bíleigendur læra á þá nýju tækni sem í bílum þeirra eru á fyrstu 30 dögum eignarhaldsins en eftir það er lítill vilji til að læra á meira og flest annað liggur ónotað í bílnum.

## Panamera Volkswagen árið 1965



Árið 1965 smíðaði Volkswagen bíl sem í flestu uppfyllti það sem Porsche Panamera lúxusfjölskyldubíllinn gerir. Þessi bíll fór aldrei í framleiðslu en hann er nú á Volkswagen-bílasafninu í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Wolfsburg í Þýskalandi. Þessi tilraunabíll var kallaður EA 128 og hann var sannarlega óvenjulegur af Volkswagen-bíl að vera. Bíllinn var hlaðinn lúxus þess tíma, var með sömu 6 strokka vél og notuð var í Porsche 911 á þessum tíma, aftur í bílnum eins og í Porsche og fjöðrunarkerfi bílsins var einnig það sama og undir Porsche 911. Ekki dónalegt það. Hann var mjög rúmgóður og stór bíll eins og Porsche Panamera en tók reyndar fleiri farþega, eða 6 í stað 4. Frammi í var leðurklæddur bekkur sem tók 3 og sams konar aftur í. Margir hafa reyndar sagt að tilraunabíllinn 989 frá Porsche hafi verið forveri Panamera, en þessi bíll kom fram miklu fyrr, eða 1965, en 989 var smíðaður þremur áratugum síðar. Porsche 989 var eiginlega lengdur 911-bíll og með fjórum hurðum eins og Porsche Panamera nú. Ekki er víst að sami markaður hafi verið fyrir EA 128 bíl Volkswagen og er í dag og því var ef til vill ekki tekin ákvörðun um að smíða hann í raðframleiðslu. Hann var þó sannarlega smíðaður fyrir sams konar kaupendur, fólk sem átti mikið fé og vildi mikinn lúxus og gott afl.




## Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun

**Tryggt** framtíðarvirði

**Fastar** mánaðargreiðslur

Nýr Avensis er hannaður af framsýni sem fléttar saman tækni og fágað útlit. Finndu hvað hann er rúmgóður, hljóðlátur og rennilegur á vegi. Stýrið er leðurklætt með innbyggðum stjórntækjum og Toyota Touch 2 kerfið lifnar við á 8" snertiskjá sem er aðeins hluti af ríkulegum staðalbúnaði ásamt 17" álfelgum og LED-dagljósum sem lýsa þér leiðina til framtíðar.*

**GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM****

5 ÁRA ÁBYRGÐ

| Toyota Kauptúni | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi |
|---|---|---|---|
| Kauptúni 6 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 |
| Garðabæ | Akureyri | Reykjanesbæ | Selfossi |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 |

*Á ekki við um Avensis Live.
**Gildir ekki með öðrum tilboðum.
***Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

**500.000 Vildarpunkta afmælisvinningur** verður dreginn úr hópi þeirra sem fá nýja Toyotu afhenta í september***




## Sala Volkswagen minnkaði um 3,7% í júlí

Svo miklu máli skiptir fyrir alla bílaframleiðendur að sala bíla í Kína gangi vel að margir þeirra upplifa nú minni sölu í ár en í sömu mánuðum í fyrra vegna dræmrar sölu bíla á stærsta bílamarkaði heims í Kína. Einnig er salan afar dræm á stórum mörkuðum í Rússlandi og í Brasilíu. Salan í júlí á öllum bílamerkjum Volkswagen, þar á meðal Audi, Skoda, Porsche, Seat og Bentley, auk Volkswagen-bílmerkisins sjálfs, var 792.100 bílar en 822.200 í fyrra. Salan á Volkswagen-bílum minnkaði um 6,9% og nam 457.800 bílum. Heildarsalan hjá Volkswagen-bílafjölskyldunni það sem af er ári nemur 5,83 milljón bílum og hefur minnkað um 1,0% á árinu. Búist er við því að áframhaldandi dræm sala verði á síðari helmingi ársins á þeim mörkuðum sem valdið hafa vonbrigðum framan af ári. Salan í Rússlandi minnkaði um 40,3% í júlí.

## Fjölgun dauðsfalla gangandi vegfarenda vegna símanotkunar

Þó að dauðsföllum í umferðinni hafi fækkað í Bandaríkjunum á undanförnum árum hefur dauðsföllum gangandi vegfarenda þar fjölgað um 15% frá 2009 til 2013 og er símanotkun vegfarenda þar kennt um. Árið 2013 dóu 4.735 gangandi vegfarendur í Bandaríkjunum og voru það 14% allra dauðsfalla í umferðinni þar vestra. Það þýðir að á tveggja klukkutíma fresti lætur einhver gangandi vegfarandi lífið. Í mörgum borgum Bandaríkjanna hafa borgaryfirvöld hafið herferðir sem beint er að gangandi vegfarendum og símanotkun þeirra. Í Fíladelfíu auglýsa borgaryfirvöld undir yfirskriftinni „Put Phone Down“ og er þar bent á að margir gangandi vegfarendur skeyti ekkert um umferðina og gangi yfir götur kafsokknir í eigin síma og sé því mikil hætta búin.

Í Flórída er sams konar herferð í gangi undir yfirskriftinni „Alert Today, Alive Tomorrow“. Rannsóknir sýna að áfengi kemur mest við sögu í banaslysum á gangandi vegfarendum, en í 49% slíkra tilvika voru annaðhvort vegfarendurnir sjálfir eða bílstjórarnir undir áhrifum. Í könnun sem gerð var við 20 hættuleg vegamót í bandarískum borgum voru 26% gangandi vegfarenda með tónlist í eyrunum, 13% voru í símanum en 15% voru að skoða upplýsingar í síma sínum eða senda textaskilaboð úr honum. Af þeim sem gengu yfir þessi gatnamót með logandi „Don't Walk“-gönguljós var helmingur vegfarenda upptekinn af símum sínum. Þessi vandi einskorðast náttúrulega ekki við Bandaríkin og kannast margir í umferðinni hér á landi við hann. Því þurfa ökumenn nú að vera meðvitaðri en áður um gangandi vegfarendur.



## Síðasti Holden-bíllinn mikill kraftaköggull

Bílaframleiðandinn Holden í Ástralíu, sem er í eigu General Motors, mun hætta framleiðslu í enda árs 2017 enda hefur verið tap á rekstri fyrirtækisins í langan tíma. Holden ætlar þó rækilega að láta minnast sín með sínum síðasta bíl, en svanasöngurinn verður sunginn með 638 hestafla Commodore-bíl. Það er Holden Special Vehicles deild fyrirtækisins sem smíðar bílinn. Vélin í bílnum verður sú sama og finna má í Chevrolet Corvette ZR1. Þetta verður öflugasti bíll sem Holden hefur nokkurn tíma smíðað og reyndar í álfunni allri. Holden Special Vehicles hefur áður sent frá sér öfluga bíla eins og 577 hestafla Maloo GTS og 462 hestafla Senator HV, en sá nýi slær þeim rækilega við. Líklega mun þessi Commodore-bíll fá stafina GTS-R í endann. Corvette-vélin er 6,2 lítra V8 og með stórum keflablásara. Ekki er loku fyrir það skotið að Commodore-bíllinn fái líka sömu carbon-ceramic-bremsurnar og eru í Corvette ZR1. Ekki stendur til að framleiða marga af þessum svanasöngsbíl, eða um 200 stykki og verðið er um 100.000 Ástralíudollarar, eða 9,2 milljónir króna. Nokkuð víst er að þessi bíll verður söfnunareintak meðal bílaáhugamanna.

# HÆGT AÐ DRAGA ÚR MENGUN BÍLA MEÐ MEIRI ÁLNOTKUN

Alcoa er það álfyrirtæki í heiminum sem á í hvað nánustu samstarfi við bílaframleiðendur.

Það eru ekki bara fólksbílaframleiðendur um allan heim sem leggja sífellt meiri áherslu á að auka hlut áls í bílaframleiðslunni á kostnað stáls, heldur á þetta einnig við um stóra bíla, ekki síst vöruflutningabíla og rútur. Markmiðið er margþætt: að lækka rekstrarkostnað með minna viðhaldi, minni eyðslu og betri nýtingu fjárfestingarinnar og síðast en ekki síst að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Það er mikið í húfi og til dæmis má nefna að grindur úr áli í stórum vöruflutningabílum eru allt að 45% léttari heldur en stálgrindur í sams konar bílum. Bandaríkjamenn fara fremstir í þessari þróun, en í því víðfeðma landi aka þúsundir flutningabíla allan sólarhringinn eftir þjóðvegum fylkjanna með vörur milli áfangastaða. Vegalengdirnar geta verið óheyrilegar og stærstu flutningabílarnir eru nær undantekningalaust búnir rúmgóðu svefnrými fyrir ökumanninn til að hvíla sig í, því oft líða margir dagar þar til hann snýr heim á leið aftur úr langferðinni.



### Alcoa leiðandi

Vöruflutningabílafyrirtækin eiga í samkeppni við önnur flutningatæki, bæði járnbrautarlestir og flugvélar. Það er því mikilvægt að reksturinn sé eins hagkvæmur og kostur er á og ein leið að því marki er að létta flutningabílana, en það leiðir aftur til minni eldsneytiseyðslu og þar með lægri rekstrarkostnaðar, minna viðhalds og minni útblásturs. Léttari bíll getur einnig gefið flutningafyrirtækjunum færi á að flytja meira vörumagn í hverri ferð, sem aftur getur leitt til færri ferða í heild á ári og þar með lægri kostnaðar. Alcoa er það álfyrirtæki í heiminum sem á í hvað nánustu samstarfi við bílaframleiðendur. Nærtækt dæmi er hinn nýi Ford F-150 sem hannaður var í nánu samstarfi Ford og Alcoa, þar sem höfuðáhersla var lögð á að þróa ál í sem flesta innviði bílsins og skipta því út fyrir stál til að létta bílinn sem mest. Þá hefur Alcoa einnig átt náið samstarf við einn stærsta strætisvagna- og rútubílaframleiðanda heims, Yutong í Kína.

### 46% léttari yfirbygging

Í þessu skyni framleiðir Alcoa t.d. burðarmiklar álfelgur sem eru sérstaklega hannaðar undir rútur og vörubíla sem eru talsvert léttari en stálfelgur. Einnig hannar fyrirtækið fjölmarga aðra innviði, svo sem gólf, þök, heilar grindur og grindarhluta, yfirbyggingar, festingar og fleira eins og meðfylgjandi myndir sýna. Talið er að á dæmigerðum átján hjóla vöruflutningabíl geti álfelgur og ál á ýmsum stöðum í grind og yfirbyggingu bæði bíls og tengivagns dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 30 tonn á líftíma bílsins og vegna þungatakmarkana aukið mögulegt burðarmagn í hverri ferð um 1,5 tonn á móti minni eigin þyngd flutningabíls og tengivagns. Á ársgrundvelli stuðlar álið að lægri kostnaði og betri nýtingu í vöruflutningum. Í strætisvagni sem Alcoa hannaði með Yutong var unnt að létta yfirbygginguna um 46%, en ásamt notkun áls víðar í vagninum dró í heild úr þyngd hans um 1.400 kg. Við það minnkaði eldsneytiseyðsla bílsins um 6% og í heild er áætlað að losun koltvísýrings í útblæstri minnki um 50 tonn á líftíma vagnsins.

# EYESIGHT FRÁ SUBARU MARGVERÐLAUNAÐ

Öryggiskerfið Eyesight í Subaru hlaut fyrstu verðlaun í flokknum „Connectivity“ í alþjóðlegu samkeppninni Automotive Brand Contest í Þýskalandi sem lauk í liðinni viku. Verðlaunin verða afhent á alþjóðlegu bílasýningunni í Frankfurt 15. september næstkomandi. Automotive Brand Contest er hlutlaus alþjóðleg keppni þar sem bílaframleiðendur keppa í hönnun og nýjungum. Í úrslitum eru síðan framúrskarandi vörur heiðraðar og hefur samkeppnin öðlast mikla virðingu í alþjóðlegu bílgreininni, þar sem vakin er athygli á nýjungum sem brjóta blað að mati dómnefndar.



### Ein verðlaunin enn

Volker Dannath, framkvæmdastjóri Subaru í Þýskalandi, sagði af þessu tilefni að hið nýja og byltingarkennda öryggiskerfi Subaru, Eyesight, hefði þegar sannað gildi sitt sem mikilvæg forvörn gegn slysum og til að draga úr tjónum í þeim tilvikum sem ekki tekst að komast hjá ákeyrslum. „Frá því að Eyesight var kynnt til sögunnar hefur öryggiskerfið unnið til hverra verðlaunanna á fætur öðrum og verðlaunin sem kerfið hlaut að þessu sinni eru kærkomin viðbót á sigurgöngu þess um allan heim. Það er sérstaklega ánægjulegt að Eyesight hafi hlotið verðlaun í þessum flokki,“ sagði Dannath þegar tilkynnt var um úrslitin.

### Í þróun í 20 ár

Í þessu tilviki mætti ef til vill útleggja Connectivity sem „samhæfð tengsl“ á íslensku þar sem öryggiskerfið tengir saman tvær myndavélar sem staðsettar eru innan við framrúðuna og senda litmyndir í þrívídd til tölvu sem kennt hefur verið að bera kennsl á lögun hluta og greina hraða og fjarlægðir með næstum sömu nákvæmni og mannsaugað býr yfir. Eyesight gerir einnig greinarmun á gangandi vegfarendum, reiðhjólum, mótorhjólum og bílum auk þess að skynja hemlaljós svo eitthvað sé nefnt. Eyesight er eitt fullkomnasta öryggiskerfi sem völ er á í dag og aðstoðar ökumenn við að koma í veg fyrir árekstra. Subaru hefur unnið að þróun kerfisins síðastliðin 20 ár og hafði verið í prófunum í almennri umferð í Japan í fimm ár áður en það var sett á alþjóðamarkað síðastliðið vor.




Lykill

Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.

KIA CEE'D

**1,6 L DÍSILVÉL, 136 HESTÖFL**
**Framhjóladrif**

**Eyðsla** 5,4 l/100 km í bl. akstri

**Mengun** 124 g/km $CO_2$
**Hröðun** 9,8 sek.
**Hámarkshraði** 195 km/klst.
**Verð frá** 3.490.000 kr.
**Umboð** Askja

**KEMUR Á ÓVART**
Hversu skemmtileg og spræk litla 1,0 lítra vélin er.
Hve gott skottrými er í bílnum.
Hve ágæt stýringin er en veggripið síðra.

# GÓÐUR BÍLL VERÐUR BETRI

Kia cee'd hefur fengið andlitslyftingu og fær nú nýja og spræka 1,0 lítra og þriggja strokka frábæra vél. Ákaflega vandaður bíll sem smíðaður er í Evrópu og ætlaður Evrópubúum.

Kia cee'd er bíll sem selst hefur ágætlega hér á landi, en hann er í stærðarflokki með Volkswagen Golf, Ford Focus, Mazda3 og mörgum öðrum vinsælum bílum sem teljast til C-stærðarflokks. Kia hefur framleitt cee'd frá árinu 2006 og hefur þegar selt yfir eina milljón eintaka. Kia cee'd er nú af annarri kynslóð en í ár var þó komið að andlitslyftingu á bílnum sem kynnt var blaðamönnum í Slóvakíu í síðustu viku. Eftir að aðalhönnuður Kia, Peter Schreyer, tók útlit cee'd í gegn með annarri kynslóð hans hefur bíllinn verið mikið fyrir augað og það er hann enn frekar nú eftir ekki svo stórtækar en ágætar breytingar á honum. Mest áberandi útlitsbreytingin á bílnum er tilkoma fjögurra teninga þokuljósa á svuntu hans. Meiri fréttir eru fólgnar í bættri efnisnotkun innréttingarinnar og bættri fjöðrun. Markmiðið var að gera bílinn bæði ljúfari í akstri en samt beittari og það hefur sannarlega tekist. Leitun er að bíl sem er með ljúfari stýringu og er þægilegri í akstri. Líklega er athyglisverðasta breytingin á bílnum þó fólgin í nýrri vél sem í hann býðst.



### Fáguð og öflug ný 1,0 lítra vél

Mjög athyglisverður vélarkostur býðst nú í Kia cee'd. Þar fer aðeins 1,0 lítra og þriggja strokka bensínvél sem orkar þó ein 120 hestöfl. Þeim fjölgar mjög, þriggja strokka vélunum, hjá bílaframleiðendum og undantekningalaust eru þetta skemmtilegar og frískar vélar. Það var helst að orðið fágun hafi komið upp í hugann þegar vélin var prófuð. Hún er þýðgeng og hljóðlát, en merkilega öflug og frábært var að aka honum með góða beinskiptingu í hægri hendi. Annar góður vélarkostur sem býðst í Kia cee'd er 136 hestafla og 1,6 lítra dísilvél. Þar fer kunnugleg vél frá Kia sem drifið hefur fleiri bíla frá suðurkóreska framleiðandanum. Báðar eru þessar vélar EURO 6-hæfar, mengunarlitlar og sparneytnar. Í frísklegum reynsluakstri á bílnum með dísilvélina var hann samt undir 6 lítrunum.

### Hljóðlátur lúxus

Athygli vakti hve Kia hefur tekist að gera bílinn hljóðlátan og heyrðist bæði afar lítið frá vélunum, vegi eða vindi þó stundum væri hratt farið. Fyrir ekki svo stóran bíl sem Kia cee'd var einnig athyglisvert að finna hve öruggur og hljóðlátur hann var á 190 km hraða á góðri hraðbraut í Slóvakíu. Var það fyrirhafnarlaus akstur og ökumaður hafði á tilfinningunni að miklu hægar væri farið. Ef eitthvað á að setja út á aksturshæfni bílsins þá var nokkru sinni reynt að taka krappar beygjur á talsvert mikilli ferð og missti hann þá örlítið grip að framan og skaut aftur rassinum. Einnig fannst mér að bíllinn mætti hallast minna í beygjum. Þarna var ágætt að finna hvar takmörk bílsins liggja og haga akstrinum eftir því en þarna gera sumir bílar betur en Kia cee'd og það einmitt í þessum stærðarflokki. Eftir talsvert mikinn akstur á öllum hugsanlegum útfærslum bílsins var enn mikið bros á ökumanni og hrifning af bílnum. Hann er bara eitthvað svo traustur og fágaður. Á það bæði við aksturinn og umhverfið sem boðið er upp á í þessum bíl. Þessi tilfinning kemur ef til vill ekkert á óvart þegar Kia-bílar eiga í hlut. Þar fer vönduð framleiðsla og til vitnis um það voru ummæli eins hérlends þátttakanda í reynsluakstrinum. Sá var fulltrúi stærstu bílaleigu landsins, en reynsla fyrirtækisins af Kia-bílum er þannig að þeim er sífellt fjölgandi í stórum bílaflotanum. Kia býður 7 ára ábyrgð á bílum sínum einir bílaframleiðenda og það sýnir þeirra eigin trú á gæðaframleiðslu sinni, sem staðfestist þarna.

### Gerður fyrir Evrópubúa

Kia cee'd hefur hvorki minnkað né stækkað með þessari andlitslyftingu og er hann enn tiltölulega rúmgóður með góðu fótarými aftur í, sem þó er meira í samkeppnisbílunum Skoda Octavia og Nissan Pulsar. Skottrými er hreint ágætt, 380 lítrar og stærra en í VW Golf og Ford Focus og skotthlerinn er stór og tryggir fyrirhafnarlitla hleðslu. Ákaflega vel fer um framsætisfarþega og þó að fyrsta tilfinning hafi verið sú að framsætið væri nokkuð stíft þá reyndist það við lengri akstur afar gott og þreytti ekki ökumann. Kia cee'd er bíll sem er teiknaður í Evrópu af Evrópumönnum og ætlaður Evrópumönnum og auk þess smíðaður í Evrópu, nánar tiltekið í Slóvakíu. Í ferðinni var verksmiðja þeirra skoðuð og þar er auðveldlega hægt að sannfærast um að Slóvakar kunna að smíða bíla og þar er allt fyrsta flokks. Þess vegna kemur útkoman ekkert á óvart, Kia cee'd er afar eigulegur bíll.



- Grip í beygjum og hliðarhalli

- Vélar
- Útlit
- Frágangur innanrýmis









**INRÉTTING**

**Frágangur innréttingarinnar er til fyrirmyndar hjá Kia**

**SPORTLEGUR**

**Hann er býsna sportlegur útlits hinn andlitslyfti Kia cee'd**

**ÓVENJULEG**

**Óvenjuleg en smart, nýju ljósin neðarlega á svuntunni**

SUZUKI

# NOTAÐIR BÍLAR



**SUZUKI Grand Vitara Luxury.**
Skr. 06.2009, ekinn 100 Þ.KM, dísel, 5 gírar, leður, sóllúga, dráttarbeisli.
**Verð 2.750.000.**
Rnr.100599.



**SUZUKI Grand Vitara Premium.**
Skr. 06.2014, ekinn 39 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 4.990.000.**
Rnr.101006.



**CHEVROLET Aveo LTZ.**
Skr. 01.2012, ekinn 47 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 1.980.000.**
Rnr.100907.



**SUZUKI Kizashi AWD.**
Skr. 01.2013, ekinn 26 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður, sóllúga o.fl.
**Verð 4.190.000.**
Rnr.100670.



**SUZUKI Jimny JLX.**
Skr. 06.2012, ekinn 82 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.250.000.**
Rnr.100826.



**TOYOTA Yaris Sol.**
Skr. 06.2011, ekinn 93 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.101021.



**SUZUKI Swift GL 4x4.**
Skr. 06.2014, ekinn 39 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 2.490.000.**
Rnr.101007.



**NISSAN X-Trail Sport.**
Skr. 07.2007, ekinn 118 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.
**Verð 1.680.000.**
Rnr.101012.



**NISSAN Qashqai SE.**
Skr. 04.2011, ekinn 143 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.750.000.**
Rnr.100849.

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**

# MYLLAN FÆR 6 MERCEDES-BENZ VITO BÍLA

## Myllan hefur fengið afhenta sex nýja Mercedes-Benz Vito sendibíla frá Bílaumboðinu Öskju.

Við erum afar ánægðir með þessa nýju Vito-bíla. Þeir eru mjög góðir í akstri og henta okkar starfsemi mjög vel. Þetta eru rúmgóðir og afkastamiklir bílar sem koma nýbökuðum og ferskum brauðum og kökum hratt og örugglega í verslanir. Bílarnir eru hagkvæmir og eyða aðeins frá 6,2 lítrum á hundraðið samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda. Myllan er umhverfisvænt fyrirtæki og það skiptir okkur líka máli að bílarnir eru umhverfismildir hvað varðar CO2 losun," segir Pétur Smári Sigurgeirsson, sölustjóri hjá Myllunni, ánægður með nýju Vito-bílana. Vito eru mjög fjölhæfir atvinnubílar en hægt er að fá þá í þremur mismunandi lengdum og hægt er að velja þá með framhjóla-, afturhjóla- eða fjórhjóladrifi.

„Við hjá Öskju erum að sjálfsögðu afar ánægð með að Myllan valdi Vito-bifreiðar í bílaflota sinn. Þetta eru mjög liprir og áreiðanlegir bílar sem henta við margs konar vinnu og rekstur. Vito-bílarnir sem Myllan valdi eru með sérstaklega langri yfirbyggingu. Framrýmið var klætt að innan í verksmiðju Mercedes-Benz og yfirbygging bílanna er smíðuð úr galvaníseruðu stáli. Burðargeta bílanna er 860 kg. Þeir eru allir búnir bakkmyndavél til að gæta fyllsta öryggis. Myllan mun síðan bæta við einum fjórhjóladrifnum Vito í bílaflotann í vetur en mikil ásókn hefur verið í fjórhjóladrifna Vito-bíla þannig að Mercedes-Benz hefur ekki undan að framleiða þá," segir Agnar Daníelsson, sölustjóri atvinnubíla hjá Öskju.



Agnar Daníelsson, Pétur Smári Sigurgeirsson og Óli Ágústsson við nýju Vito-bílana.

# 25 ÁRA AFMÆLISSÝNING ARCTIC TRUCKS Á ÍSLANDI

## Á þessu ári eru liðin 25 ár síðan Arctic Trucks hóf að breyta bílum á Íslandi og því verður fagnað með stórsýningu að Klettháls 3, laugardaginn 12. september næstkomandi.

Sögu Arctic Trucks má rekja aftur til ársins 1990. Þá hóf Toyota á Íslandi að breyta jeppum fyrir viðskiptavini sem vildu bíla sem heppilegri væru til vinnu og ferðalaga um hálendi Íslands. Síðan þá hefur starfsemin þróast og breyst að sögn Steinars Sigurðssonar, sölustjóra fyrirtækisins, en rekstur Arctic Trucks hefur undanfarin tíu ár verið sjálfstæður og á fyrirtækið í samstarfi við mörg bílaumboð varðandi þróun og hönnun breytinga. „Systurfélög okkar eru einnig starfandi í Noregi og Dubai, auk þess sem vottaðir leyfishafar breyta bílum í nafni félagsins í Rússlandi, Bretlandi, Finnlandi, Póllandi, Hollandi og Suður-Afríku. Þá hefur Arctic Trucks sérhæft sig í hönnun bíla til notkunar við sérstaklega erfiðar aðstæður, svo sem á Suðurskautslandinu."

Á sýningunni á laugardaginn verða margir fallegir bílar til sýnis að sögn Steinars, nýir og gamlir, sumir stórir en aðrir heldur minni. „Við munum sýna alla nýjustu bílana frá Arctic Trucks, svo sem 6X6 Toyota Hilux bílar sem notaðir verða á Suðurskautinu, Mercedes-Benz Sprinter í AT35 og AT46 útgáfum, Ford 350 AT42, Toyota Land Cruiser 200 AT35 og ásamt fleiri glæsivögnum."



Toyota Land Cruiser 150 AT35 er frábær fjölskyldubíll fyrir þá sem vilja stunda fjallaferðir og fá aukna drifgetu í snjó.



Mercedes-Benz Sprinter AT46 hentar sérlega vel þeim sem þurfa öflugan bíl með mikla drifgetu í snjó.

Verkstæðið verður einnig opið og þar býðst gestum að skoða bíla sem eru í smíðum og fá sýnikennslu í dekkjaviðgerðum. „Þar sem ekki er seinna vænna að byrja að undirbúa bílinn fyrir veturinn þá verður boðinn 15% afsláttur af öllum dekkjum á sýningardaginn og þar að auki vaxtalaus kreditkortalán til 6 mánaða. Ýmis fleiri tilboð verða í versluninni."

Þetta er sýning sem jeppa- og ferðaáhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara. Sýningin stendur frá klukkan 11 til 16 á laugardaginn.



## Topplaus Cactus

Einn vinsælasti sölubíll í Evrópu núna er Citroën C4 Cactus og hefur Citroën vart við að framleiða nógu mörg eintök af honum. Ekki ættu vinsældir hans að minnka við þessa nýju topplausu útgáfu bílsins sem Citroën ætlar að kynna á bílasýningunni í Frankfurt um miðjan mánuðinn. Nógu óvenjulegur útlits er Cactus með þaki, en þessi blæjuútgáfa hans, Cactus M, tekur honum þó fram. Óvenjulegur bogi er aftan á bílnum og að sögn Citroën er hann til þess gerður að auðvelda eigendum að flytja stóra hluti eins og seglbretti. Einnig er óvenjulegt að sjá innfellinguna aftarlega á hlið bílsins en hún er til þess að gerð að auðvelda aftursætisfarþegum að klifra uppí bílinn. Þar sem bíllinn er bara tveggja hurða er náttúrulega besta leiðin að fara yfir hliðina beint í aftursætin. Sætin í bílnum eru vatnsheld svo hann er kjörinn til að fara á á ströndina og frísklegt útlit hans í stíl við þannig notkun. Í gólfi bílsins eru göt svo vatn geti lekið niður og auðveldara sé að þvo bílinn að innan. Blæja bílsins er uppblásin og þrýstihylki í bílnum sjá um að blása það upp. Þessi bíll segir framleiðandinn að sé arftaki Citroën Mehari, sem einmitt var vinsæll til að fara á á ströndina. Fjórar akstursstillingar eru í Cactus M, Normal, All-Terrain, Snow og Sand og því ætti að vera hægt að komast leiðar sinnar á margs konar undirlagi. Bíllinn er með bensínvél og sjálfskiptur.

## Hagnaður Volvo eykst um 71%

Á fyrri helmingi þessa árs hagnaðist Volvo um 25,7 milljarða króna og jókst hagnaður sænska bílaframleiðandans um 71% á milli ára. Veltan jókst um 12% og hagnaður af veltu nam 2,2%. Hjá Volvo er búist við því að enn meiri hagnaður verði á seinni helmingi ársins. Þessi ágæti árangur Volvo náðist þrátt fyrir staðnaða sölu í Kína, en góð eftirspurn eftir bílum Volvo í Evrópu náði að vinna upp vandann í Kína. Áætlanir Volvo eru brattar og hyggst fyrirtækið ná 800.000 bíla sölu árið 2020 en í ár býst Volvo við að salan verði nálægt 500.000 bílum. Volvo ætlar að opna nýja verksmiðju í S-Karólínufylki í Bandaríkjunum árið 2018 og þar verða framleiddir 100.000 bílar á ári. Miklu máli skiptir fyrir Volvo það sem eftir lifir árs og á næsta ári að nýja Volvo XC90 jeppanum hefur verið frábærlega tekið og hafa nú þegar borist 57.000 pantanir í hann. Volvo á langt í land að ná bæði sölu og hagnaðarprósentu sem aðrir lúxusbílaframleiðendur í Evrópu ná. BMW seldi til að mynda 1,1 milljónir bíla á fyrri helmingi þessa árs og var með 8,9% hagnað af veltu og sú tala er enn hærri hjá Audi. Volvo er nú í eigu kínverska bílaframleiðandans Geely, en höfuðstöðvar Volvo eru enn í Svíþjóð. Geely keypti Volvo af Ford árið 2010.




Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, fullkomið fjórhjóladrif og sparneytna dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð.

Hyundai Tucson - Verð frá 5.490.000 kr.

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

UEFA EURO2016 FRANCE

5 YEAR Unlimited Mileage Warranty

Dísilvél 2,0 lítrar, 136 hestöfl, eldsneytisnotkun 6,1 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,6 l/100 km*.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð. *Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

Hyundai / Kauptúni 1 / Sími 575 1200 / www.hyundai.is

## NISSAN JUKE

1,6 L BENSÍNVÉL,
190 HESTÖFL
Fjórhjóladrif
Eyðsla
6,5 l/100 km í bl. akstri

Mengun 153 g/km $CO_2$
Hröðun 6,9 sek.
Hámarkshraði 195 km/klst.
Verð frá 3.990.000 kr.
Umboð BL

- Lágstemmd innrétting
- Lítið skottrými

- Útlit
- Afl vélar
- Lágt verð

# DJARFLEGA HANNAÐUR KRAFTAKÖGGULL

Þeir eru ekki margir 190 hestafla jepplingarnir sem fá má á undir 4 milljónum en það má í tilfelli Nissan Juke. Hann er sannarlega óvenjulegur útlits og fyrir þá sem þora að kaupa óvenjulega útlítandi bíl.

**NISSAN JUKE**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Skrítni jepplingurinn. Jepplingurinn sem sumir elska útlitsins vegna en öðrum finnst ljótur. Þetta er Nissan Juke og Nissan fær plús í kladdann fyrir að sýna djörfung við hönnun hans. Persónulega finnst mér hann ferlega flottur útlits, en sitt sýnist hverjum. Hér er kominn einn minnsti jepplingurinn á markaðnum, en í leiðinni einn sá athygliverðasti, ekki síst verðsins vegna. Hverjum hefði dottið í hug að hægt væri að fá jeppling sem er 190 hestöfl á innan við 4 milljónir króna. Það er hægt í tilviki Nissan Juke, en þá er hann með framhjóladrifi og beinskiptur. Fyrir svo smáan jeppling er nefnilega alls ekki vitlaust að hafa hann beinskiptan og þannig er hann skemmtilegri með allt þetta afl. Þannig var reynsluakstursbíllinn ekki, heldur sjálfskiptur og þannig kostar hann 4,6 milljónir. Í fyrra var sá beinskipti reyndur erlendis með þessari öflugu vél og var hann hrikalega skemmtilegur bíll og alger raketta. Reyndar er hægt að fá Juke með 110 hestafla dísilvél á 3,6 milljónir og fer þar góður kostur líka.

### Krefst frísklegra lita

Annað mjög skemmtilegt við Juke er að hægt er að gera bílinn persónulegan með alls konar lituðum flötum bæði að innan og utan og hef ég séð ýmsar mjög fallegar útfærslur og alveg þess virði að bæta þeim við og líklega eru þá engir tveir á alveg eins bíl, sannarlega kostur. Kannski veitir ekki af að skreyta Juke aðeins að innan en innréttingin er í sjálfu sér ekkert sláandi falleg, en þess þá heldur er gaman að kaupa í hann glaða liti og fríska hann aðeins upp. Talandi um liti þá finnst mér að þessum bíl fari best að skarta djörfum litum og fallegur er hann í rauðu, gulu og bláu litunum og með því sker hann sig úr þeim litlausa bílaflota sem byggst hefur upp hérlendis á undanförnum árum þar sem enginn þorir neinu.
En aftur að innréttingunni. Hún er hlaðin plasti og á ekkert skylt við lúxusinnréttingar. Verð bílsins skýrir þetta best út og kannski engin ástæða til að reyna einhverja kúnstir í þessum bíl, hann á að vera einfaldur, en samt töff og það er hann, alger töffari. Því ætti hann að höfða mikið til yngri kynslóðarinnar og sterkan grun hef ég um að kaupendahópur hans sé öllu yngri en margra annarra jepplinga. Stjórntækin í bílnum eru einföld og í raun er þar samt allt sem til þarf. Sætin eru fín og ágætlega fer um aftursætisfarþega þrátt fyrir að afturlína bílsins halli gæjalega aftur. Það hins vegar tekur mjög af skottrýminu og er það ferlega lítið og varla hægt að troða þar stærri ferðatösku. Þetta er því fremur borgarjepplingur á sterum en ekki heppilegasti ferðabíllinn, nema aðeins tveir séu að ferðast og þá má bara leggja niður aftursætin og þá er plássið nægt.

### Lítil vélin römm að afli

Vélarkostirnir í Juke eru 110 hestafla dísilvél, 117 og 190 hestafla bensínvél. Báðar bensínvélarnar eru með 1,6 lítra sprengirými en sú öflugri með forþjöppu. Sú öfluga var í reynsluakstursbílnum og þar fer skemmtileg vél sem hendir þessum 1.455 kílóa smájeppilingi vel áfram. Þetta afl minnir á aflið í lúxusjeppum og hann er aðeins 6,9 sekúndur í 100 km hraða og fer kvartmíluna á 15,4 sekúndum. Það er óvanalegt fyrir svo ódýran bíl. Fyrir vikið er aksturinn skemmtilegur og fjöðrun bílsins í stíl við mikið aflið. Sérstaka athygli vakti hve stýring bílsins er nákvæm, skemmtileg og hrein framlenging á höndum ökumanns. Þarna hefur Nissan gert afar vel. Sjálfskiptingin er CVT-gerðar og þar fer nú ekki skemmtilegasta skipting heims, en er þó alveg þokkaleg. Best er að setja hana í Sport-mode og þrykkja bensínfætinum niður og finna þannig fyrir afli bílsins. Auðvitað gerði það að verkum að bíllinn eyddi ekki eins og best verður á kosið fyrir 1,6 lítra vél sem gefin er upp með 6,5 lítra meðaleyðslu. Hún reyndist vera 11,3 lítrar svo til allan tímann í reynsluakstrinum, en auðvitað má gera miklu betur en það í eðlilegum akstri. Hámarksafli vélarinnar má ná á milli 1.600 og 5.200 snúninga og þessi vél er ekki hrædd við það að leika við rauðu línuna við 6.400 snúninga. Með 50/50 dreifingu afls milli öxla er nægt grip til að stefna engum í hættu við slíkan akstur. Mjög stutt er á milli öxla á þessum smábíl og fyrir því finnst í beygjum og þarf ökumaður að gæta þess, bæði í kröppum beygjum sem og á hraðahindrunum.

### Frábær kostur fyrir þá sem þora

Nissan Juke kom fyrst á markað árið 2010 og hann fékk flotta andlitslyftingu í fyrra og er fyrir vikið enn flottari bíll og enn hlaðnari nýjustu tækni, sem Nissan-bílar eru nú þekktir fyrir. Með tilkomu þessa jepplings blása ferskir vindar og margir aðrir bílaframleiðendur öfunda Nissan af þessum bíl og gerast nú djarfari við hönnun eigin bíla. Juke á marga samkeppnisbíla og mætti þar nefna Renault Captur, Peugeot 2008, Mazda CX-3, Suzuki S-Cross og Opel Mokka, sem allir eru smávaxnir jepplingar. Juke er þeirra fallegastur þó svo Mazda CX-3 komist nálægt að mínu mati. Með Nissan Juke er kominn óvenjulega sætur jepplingur sem freista ætti þeirra sem kjósa óvenjulega og djarfa bíla, bíll fyrir þá sem þora og í leiðinni ferlega skemmtilegur bíll sem fá má með mjög öflugri vél fyrir lítinn pening. Ég mæli þó eindregið með beinskiptri útfærslu hans og sparnaði í leiðinni upp á 600.000 krónur, þó svo að fórnað sé fjórhjóladrifinu, sem fæstir munu hvort sem er nota í svo smáum bíl.









**FAGUR**
**Juke verður fagurri og fagurri eftir því sem meira er horft**

**HRÁ INNRÉTTING**
**Innréttingin er fremur hrá en hægt er að lyfta henni upp með litaflötum**

**SKERT SKOTTRÝMI**
**Skottrými er mjög skert en yfrið með aftursætin niðri**



# DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474 www.dekkverk.is

OPIÐ ALLA DAGA 10-19

## NEGLDU ÞETTA FYRIR VETURINN

**50%** AFSLÁTTUR AF UMFELGUN MEÐ HVERJUM KEYPTUM WESTLAKE GANGI. **50%**

### WESTLAKE SW606 FÓLKSBÍLADEKK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 175/65R14 | 62.000 .- | 42.000.- | 2.250.- | 8.000.- |
| 195/65R15 | 74.000.- | 52.000.- | 2.750.- | 8.000.- |
| 205/55R16 | 82.000.- | 58.000.- | 3.000.- | 8.000.- |

### WESTLAKE ALL TERRAIN ALHLIÐA JEPPADEKK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 225/70R16 | 116.000.- | 84.000.- | 3.000.- | 12.000.- |
| 265/75R16 | 158.000.- | 119.000.- | 3.000.- | 12.000.- |
| 235/65R17 | 120.000.- | 92.000.- | 3.250.- | 12.000.- |
| 285/70R17 | 218.000.- | 167.000.- | 4.250.- | 12.000.- |

### WESTLAKE MUD LEGEND SL386

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | TILBOÐSVERÐ | UMFELGUN TILBOÐ | NEGLING |
|---|---|---|---|---|
| 33X12,50R15 | 210.000. | 159.000.- | 3.750.- | 8.000.- |
| 35X12,50R17 | 255.000.- | 192.000.- | 4.250.- | 12.000.- |

Netgíró

TILBOÐIÐ GILDIR TIL 30. SEPT. EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST :)
- DREIFÐU GREIÐSLUNNI -

VALITOR VISA

WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK

"AF ÞVÍ ÞAU ERU GÓÐ"

# Hyundai sýnir Gran Turismo bíl í Frankfurt – enn einn hugmyndabíllinn verður að veruleika

Margir bílar í tölvubílaleiknum Gran Turismo eru ekki til í veruleikanum og hugarsmíð þeirra sem búa til leikinn. Einn þeirra er Hyundai N 2025 Vision Gran Turismo bíllinn. Hyundai hefur hins vegar smíðað slíkan bíl og ætlar að sýna hann á komandi bílasýningu í Frankfurt sem hefst eftir nokkra daga. Hyundai rekur deild innan fyrirtækisins sem nefnd er því einfalda nafni N og var það sú deild sem annaðist smíði þessa bíls. Bíllinn lítur út eins og Le Mans þolakstursbíll með sæti aðeins fyrir ökumanninn og er það miðjusett. Þessi bíll mun ekki fara í framleiðslu, en með honum vill Hyundai sýna hvers fyrirtækið er megnugt og í honum má sjá ýmsa nýja tækni sem búast má við í bílum Hyundai í framtíðinni. Hyundai mun einnig sýna nýja kynslóð i20 World Rally Championship bílsins sem mun keppa á næsta tímabili í rallmótaröðinni WRC.





Özur Lárusson.

# Nám fyrir stjórnendur í bílgreinum

Boðið verður upp á nám fyrir stjórnendur í bílgreinum í vetur en um er að ræða samstarfsverkefni Bílgreinasambandsins og Opna háskólans í Reykjavík. „Í náminu er lögð sérstök áhersla á starfsþróun þátttakenda með það að leiðarljósi að efla faglega þekkingu og auka færni, frammistöðu og frumkvæði í dagsins önn. Um er að ræða hagnýtt nám þar sem lögð er áhersla á umræður og starfstengd verkefni,“ segir Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins. Að námslínunni koma margir af færustu sérfræðingum viðskiptadeildar HR auk samstarfsaðila úr íslensku atvinnulífi sem allir hafa mikla reynslu á sínu sviði, bæði af framkvæmd og kennslu. Til hliðsjónar er einnig höfð þarfagreining stjórnenda úr greininni, starfsfólks Bílgreinasambandsins og fræðimanna innan HR. Kennsla hefst í september 2015 og stendur til febrúar 2016.



# Baleno aftur til Evrópu

Suzuki ætlar að breikka vörulínu sína í Evrópu með tilkomu Baleno, sem er nokkru stærri bíll en Suzuki Swift, söluhæsta bílgerð Suzuki í Evrópu. Sala Baleno hefst á næsta ári og bílnum verður beint að kaupendum sem ekki vilja eyða miklum fjármunum í rúmmikinn bíl sem eyðir litlu og er auk þess frá traustum bílaframleiðanda. Á meðal vélarkosta í Baleno er ný 1,0 lítra forþjöppuvél, öflug en afar sparneytinni. Suzuki ætlar að sýna Baleno á bílasýningunni í Frankfurt í næsta mánuði og salan hefst svo með næsta sumri. Baleno mun keppa við marga vinsæla bíla í sínum flokki, þeim söluhæsta allra stærðarflokka bíla. Í þeim flokki eru til dæmis Skoda Fabia, Hyundai i20 og Kia Rio.



# Leiðarvísir Frutin®



## Fæða sem getur valdið brjóstsviða



**Sítrusávextir**
Appelsínur, greipaldin og ávaxtasafar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.





**Hvítlaukur og laukur**
Sumt fólk sem fær gjarnan uppþembu eða brjóstsviða þarf oft að varast lauk og hvítlauk.



**Tómatar**
Eins saklausir og þeir líta út fyrir að vera með sínum meinhollu næringarefnum, eins og lýkópen, þá eru tómatar afar súrir og fara misvel í maga.



**Sterkur matur**
Chili, pipar, mexikóskur matur, eða annar sterkur og kryddaður matur getur valdið brjóstsviða.



**Hnetur, ostur, lárpera og djúsí steik**
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.

**Alkóhól**
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórri máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindað.





**Kaffi**
Kaffi, gos, te, íste, annar vökvi eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.

**Kolsýrðir drykkir**
Gos og aðrir kolsýrðir drykkir geta valdið uppþembu sem orsakast af auknum þrýstingi á hringvöðva vélindans og það getur leitt til brjóstsviða. Er ekki bara best að sýna skynsemi og forðast gosdrykkina.





**Súkkulaði**
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.

**Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.**

Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðukennt lag í efri hluta magans.




Þessi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkandi sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf. Takið 1-2 töflur eftir þörfum. Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

**Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.**

IceCare ehf • Ármúli 8 • Sími 581 1090 • icecare@icecare.is • www.icecare.is

IceCare
Þín heilsa

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Verslun




**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
25% afsláttur af öllum vörum á meðan birgðir endast. Allar vinsælustu unaðsvörurnar. Fá sent eða sækja Netgíró, greiðslukort, millifærsla www.hush.is




# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDDSTOFA DÍSU (201)**
Er nuddfræðingur með allt almennt nudd. Tek vel á vöðvabólgu, liðverkjum, bakvandamálum og sogæðavanda. Opið frá kl. 09-19 alla virka daga. Verið velkomin. Tímapantanir í s. 868-3379 - Dísa Þ.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!**
129 - 280 fm bil með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**www.lundurfasteignir.is**
**S. 690 3031 / 661 7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU GLÆSILEGT 250 M2 SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI Í HAFNARFIRÐI.**
Stórt opið rými, tvær sér skrifstofur, fundarherbergi og kaffistofa.
Getur leigst með húsgögnum. Möguleiki á viðbótarrými á sömu hæð. Laust nú þegar. Hagstætt leiguverð.
**Upplýsingar í síma 898 7820 og á www.leiga.webs.com**

**AUÐBREKKA - VERSLUNARRÝMI**
Til leigu 400fm verslunarrými á jarðhæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr. s. 897 9743

**GÓÐ FJÁRFESTING**
Til sölu eða leigu mjög góð 50 m2 iðnaðarbil í Steinhellu 14, Hfn. Fjölbreyttir möguleikar. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR -VINNUSTOFUR**
Nokkur 20 - 46 m2 rými laus eða að losna í snyrtilegu húsnæði. Nánar á www.leiga.webs.com s. 898 7820

## Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 & solbakki311@gmail.com Sólbakki.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEISLAN**
Vegna aukinna umsvifa hjá okkur í Veislunni.
vantar aðstoðarmann í eldhús og bakarí strax í 100 / vinnu.
**Umsóknir sendist á andrea@veislan.is**

**VEISLAN**
Veislan óskar eftir bílstjóra í 100 / vinnu og önnur hver helgi. Þarf að getað byrjað strax.
**Umsóknir sendist á andrea@veislan.is**

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN?

KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer 800 1177 eða á dreifing@postdreifing.is

Póstdreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

Þurrkbox

Þurrkboxin eru komin!







799 per stk.

1.249 per stk.

Þurrkbox draga í sig raka úr umhverfinu og minnka dægursveiflur rakastigs. Einföld lausn til að lækka raka í gámum, hjólhýsum eða þar sem þurrktækjum verður ekki komið við.

Tilboð 3 fyrir 2

Frábær í sumarvagnana!

Vatnsdælur

Öflugar vatnsdælur sem henta til að þurrka eftir vatnsskaða.




Tilboð 19.990

Dæla - bensín

Vatnsdæla með bensínmótor. Öflug dæla sem hentar ef ekki er rafmagn.



Tilboð 64.990

Þurrktæki

Öflug þurrktæki í sumarhús eða heimili. Koma í veg fyrir sagga.



Tilboð 44.990

íshúsið

1983 - 2013 30 ára reynsla

viftur.is -andaðu léttar

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

BÆJARBAKARÍ

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða fólk í afgreiðslu, gæti hentað vel með skóla. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknir sendar á bakari@bakari.is Uppl. í s. 555 0480

**ÓSKAÐ ER EFTIR STARFSMANNI Í RÆSTINGAR!**

Öflugt þjónustufyrirtæki miðsvæðis í höfuðborginni óskar eftir starfsmanni til að sjá um ræstingar fyrirtækisins.

Vinnutími er þrisvar í viku: mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, frá kl. 13,00 - 15,30.

Heiðarleika, samviskusemi og lipurðar í almennum samskiptum er krafist af umsækjendum.

**Umsóknir sendist á Fréttablaðið merkt "Ræstingar 104" fyrir 11. september nk.**

GINGER

**GINGER**

óskar eftir hressu fólki í hlutastörf frá 10:30 - 15:00 alla virka daga.

Ef þú ert 18 ára eða eldri, reyklaus og með góða íslensku kunnáttu og langar að vinna í skemmtilegu umhverfi sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða kíktu við í Ginger Síðumúla 17, milli kl. 14-16 virka daga.

Eld smiðjan

**ELDSMIÐJAN SUÐURLANDSBRAUT**

er að leita að bakara í hlutastarf. Hæfniskröfur: reynsla í bakstri er áskilin, dugnaður, metnaður og góður liðsmaður. Á Eldsmiðjunni starfar góður hópur fólks sem tekur vel á móti nýju fólki og hefur mikinn metnað til þess að búa til framúrskarandi mat.

**Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**




GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is

907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



Barnaheill

Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Öll börn eiga rétt á samvistum við báða foreldra sína.


MOSFELLS BAKARÍ

**MOSFELLSBAKARÍ - MOSFELLSBÆ.**

Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar í Mosfellsbæ. Vinnutími frá 12:00 - 18:30 virka daga. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

**Umsóknareyðublöð er hægt að nálgst á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/**

Verkstjóri óskast í steypuvinnu. Upplýsingar í síma 840 0609.

Óska eftir bifvélavirkja eða menn vana viðgerðum á bílum í vinnu strax. Mjög góð laun í boði fyrir góðan starfmann. Langtímaráðning. Upplýsingar í síma 577 55 50

Verslun með fatnað fyrir ballett, dans og fimleika óskar eftir starfsmanni. Reynsla af afgreiðslustörfum skilyrði. Þekking á vörum verslunarinnar kostur en ekki skilyrði. Umsóknir sendist á arena@arena.is.

Óskum eftir að ráða starfsmann á lager og í útkeyrslu. Umsóknir sendist á einar@solning.is.

Starfsmann vantar í afgreiðslustarf. Vinnutími frá kl 10-18 alla virka daga. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar og umsóknir á vinnaibodi@gmail.com

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

**Vöffluvagninn**

Vöffluvagninn óskar eftir starfsfólki við afgreiðslu og bakstur, bæði í hlutastarf og fullt starf. Umsóknir sendist á *voffluvagninn@gmail.com*. Nánari upplýsingar í síma 822-9973.

Vinakot ehf. rekur skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og unglinga með fjölþættan vanda. Um þessar mundir leitar Vinakot að öflugu starfsfólki í framtíðarstarf. Um er að ræða vaktavinnu með unglingum með fjölþættan vanda.

Vinakot

**Um þessar mundir leitar Vinakot að öflugu starfsfólki í framtíðarstarf.**

**Hæfniskröfur:**

- Áhugi og metnaður í að starfa með unglingum með fjölþættan vanda.
- Menntun sem nýtist í starfi er æskileg.
- Reynsla af starfi með unglingum.
- Þekking á einhverfu er æskileg.
- Sveigjanleiki og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög.

**Umsóknarfrestur er til 15. september 2015.**

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf eigi síður en 1. október 2015.

Upplýsingar gefur Sóley Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri á netfangið starf@vinakot.is, en eingöngu er tekið við umsóknum ásamt ferilskrá í tölvupósti.

***Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið.***


**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið




# Til leigu fyrir Traustann rekstraraðila.

Veislusalur Salavegi 2 Kópavogi Salurinn er einsakur veislusalur fyrir allskyns viðburði, leigist með búnaði. Salurinn er með fallegri veislusölum á landinu hann er á þriðju hæð og byggður ofan á húsið með stórum svölum allan hringinn með glæsilegu útsýni.

**Upplýsingar hjá Fylkir ehf í s. 821-6693/lulli@fylkirehf.is**

**TRAUSTI fasteignasala**



*Kristján Baldursson hdl. Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*

## ÞINGÁS 45




**Opið hús í dag, þriðjud. 8. sept. frá kl 17:15-17:45**

Glæsilegt raðhús á tveimur hæðum við Þingás 45 í Reyjavík. Eignin skiptist í jarðhæð 137,9 fm., 48,0 fm efri hæð. ásamt bílskúr, 23,7 fm. samtals 209,6 fm. Einstaklega snyrtilegt hús og rúmgott, hentar vel fjölskyldufólk í barnvænu hverfi. Stutt í þekktar útivistar perlur.

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIN HÚS Í DAG

**Þorláksgeisli 86 - Endaraðhús**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt 185,7 fm. endaraðhús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað. Innbyggður bílskúr er 29,7 fm. að stærð og er hluti af stærð hússins. Björt stofa með mikilli lofthæð. Þrjú herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. **Húsið stendur á afar fallegum útsýnisstað og er bæði með rúmgóðum suðursvölum auk stórrar og skjólsællar viðarverandar til suðurs. Stór innkeyrsla fyrir 3 bíla á framlóð Stutt í skóla og aðra þjónustu. Verð 56,9 millj. Verið velkomin.**

**Kaplaskjólsvegur 33A. Glæsilegt raðhús.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Glæsilegt og mikið endurnýjað 153,6 fm. pallabyggt raðhús á þessum vinsæla og eftirsótta stað í Vesturbænum. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar ásamt innihurðum. Húsið var hannað að innan af Rut Káradóttur og er búið að endurnýja (2012) m.a. eldhús, baðherbergi, sólbekki, milliveggi og innihurðir ásamt því að öll gólf voru flotuð og loft tekin niður með innfelldri lýsingu. Arinn í stofu. Glæsileg afgirt verönd til suðausturs. Frábær staðsetning í göngufæri við skóla, sundlaug o.fl. **Verð 62,9 millj. Verið velkomin.**


Allt það besta hjá 365

ENDALAUST TAL OG 10 GB Á 3.990 KR.*

Færðu farsímann yfir til 365 og fáðu frábært sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði.

*Gildir fyrir áskrifendur í tilboðspökkum 365

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365


STÖÐ 2 KYNNIR
Í SAMSTARFI VIÐ HLJÓÐX
HÁSKÓLABÍÓ LAUGARDAGINN 26. SEPTEMBER
BESTU LÖG BJÖRGVINS
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON VERÐUR Á PERSÓNULEGUM NÓTUM OG FLYTUR MÖRG AF SÍNUM BESTU LÖGUM ÁSAMT FRÁBÆRRI HLJÓMSVEIT
MIÐASALA HAFIN Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
HLJÓÐX
midi.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Ingigerður Hallgrímsdóttir**

Gnoðarvogi 30,
Reykjavík,
lést fimmtudaginn 20. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hinnar látnu.
Þökkum samúðarkveðjur.

**Þórir Georgsson — Hanna K. Kristjánsdóttir**
**Guðjón Georgsson — Anna E. Jónsdóttir**
**Hallgrímur Georgsson — Sigurbjörg Marteinsdóttir**
**Guðlaug Ásta Georgsdóttir**
**Ingigerður Georgsdóttir**
**Ragna Jóna Georgsdóttir — Gunnar Karlsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Bryndís Kjartansdóttir**

húsmóðir,
Fífuseli 37, Reykjavík,
lést á Landspítalanum við Hringbraut
þann 1. september. Útförin fer fram frá
Grafarvogskirkju föstudaginn 11. september
klukkan 13.00.

**Karl Arason**
**Sigríður Sigurðardóttir — Eiríkur Ingimagnsson**
**Kjartan B. Sigurðsson — Unnur Erla Malmquist**
**Birgir Sigurðsson — Hildur Loftsdóttir**
**Arnar Þór Ingólfsson — Unnur S. Kristleifsdóttir**
**Ari Karlsson — Elfa S. Sigurðardóttir**
**Guðlaugur K. Karlsson — Sigrún Ó. Sigurjónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir og afi,

**Páll Magnússon**

vélfræðingur,
Rauðalæk 40,
verður jarðsunginn frá Áskirkju
miðvikudaginn 9. september kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja
minnast hans láti líknarstofnanir njóta þess.

**Jóhanna Rögnvaldsdóttir**
**Magni Þór Pálsson — Elísabet Arna Helgadóttir**
**Ingvi Már Pálsson — Sigríður Kristín Birnudóttir**
**Tómas, Helga, Gauti og Gunnur Magnabörn**
**Emilía, Karítas og Lovísa Ingvadætur**



Ástkær móðir okkar, amma og
sambýliskona,

**Jónína Helga Jónsdóttir**

til heimilis að Strikinu 4, Garðabæ,
verður jarðsungin frá Háteigskirkju
í dag, þriðjudag, kl. 11.00.

**Jón Þór Ólafsson, Þórey Ólafsdóttir, Örvar Ólafsson,
Anita Ólafsdóttir, Sigmundur Franz Kristjánsson,
tengdabörn og barnabörn.**








Okkar ástkæra

**Sigríður Pálsdóttir**

Fannborg 8, Kópavogi,
sem lést á hjúkrunarheimilinu
Skógarbæ fimmtudaginn 27. ágúst sl.
verður jarðsungin fimmtudaginn
10. september kl. 13.00 í Bústaðakirkju.

**Sveinbjörg Eyvindsdóttir**
**Valdimar Eyvindsson — Anne-Sofie B. Pedersen**
**Páll Eyvindsson — Hulda Markúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Magnea Garðarsdóttir**

frá Garði í Eyjafjarðarsveit,
Skarðshlíð 23c, Akureyri,
lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri
þriðjudaginn 1. september.
Útför hennar fer fram frá Munkaþverárkirkju föstudaginn
11. september kl. 13.30.

**Aðalsteinn Hallgrímsson — Ásdís Einarsdóttir**
**Kristrún Hallgrímsdóttir — Sigurgísli Sveinbjörnsson**
**Garðar Hallgrímsson — Þórunn Inga Gunnarsdóttir**
**Pálína Guðrún Hallgrímsdóttir — Hergeir Einarsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Unnur Ósk Jónsdóttir**

húsmóðir, áður til heimilis í
Austurgerði 2, Reykjavík,
lést á Landspítala Fossvogi 26. ágúst.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík,
miðvikudaginn 9. september kl. 13.00.

**Jón Kristján Þorvarðarson — Anna Daníelsdóttir**
**Sigrún Þorvarðsdóttir — Eggert Ólafsson**
**Jóhann Þorvarðarson**
**Helgi Þorvarðsson — Svanhvít Loftsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Maðurinn minn,

**Magnús Aspelund**

er látinn.

**Daðína Rannveig Friðriksdóttir**

Útför föður míns og afa okkar,

**Svan H. Trampe**

fyrrverandi flugumferðarstjóra,
fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 10. september kl. 13.

**Svan Hector Trampe,
Steinar Hrafn Trampe, Sandra Hrönn Trampe**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Jónas Sveinsson**

Hrísmóum 1,
Garðabæ
lést á krabbameinsdeild Landspítalans
laugardaginn 22. ágúst. Öllum þeim sem
veittu honum aðstoð og styrk í veikindum hans færum við
hjartans þakkir. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk
hins látna.

**Kristín I. Hreggviðsdóttir**
**Jóna S. Eðvaldsdóttir — Tómas D. Helgason**
**Þórunn B. Jónasdóttir — Þórir Brjánn Ingvarsson**
**Sveinn Jónasson — Ásgerður Friðbjarnardóttir**
**og barnabörn.**

## Merkisatburðir

**1208** Víðinesbardagi er háður milli liðs Ásbirninga og Svínfellinga og liðs Guðmundar Arasonar biskups á Hólum.
**1636** Elsti háskóli Bandaríkjanna, New College, síðar þekktur sem Harvard, er stofnaður.
**1954** Suðaustur-Asíubandalagið er stofnað með undirritun sáttmála í Manila á Filippseyjum.
**1973** Rússnesk njósnatæki finnast í Kleifarvatni.
**1891** Fyrsta hengibrú á Íslandi, brúin yfir Ölfusá, er vígð að viðstöddu miklu fjölmenni.
**1975** Dagblaðið kemur út í fyrsta sinn.
**1977** Þriðja hrina Kröfluelda hefst með gosi norðan við Leirhnjúk.
**1989** Fjórir fatlaðir menn koma til Reykjavíkur á hjólastólum eftir fimm daga ferð til Akureyrar í þeim tilgangi að kynna Landsbjörg.
**1991** Lýðveldið Makedónía verður sjálfstætt ríki.
**2007** Bílsprengja verður yfir 50 manns að bana í Dellys í Alsír.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma,
langamma og langalangamma,

**Hulda Svava Jónsdóttir**

Guðrúnargötu 4,
Reykjavík,
lést föstudaginn 28. ágúst.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Geir Jón Þorsteinsson — Emma Ottósdóttir**
**Hallur Þorsteinsson — Þóra Lovísa Friðleifsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn
og barnabarnabarnabörn.**



Okkar elskulega móðursystir,

**Hanna Kristbjörg
Guðmundsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð,
Akureyri,
lést 5. september. Útförin fer fram frá
Akureyrarkirkju föstudaginn 11. september
kl. 10.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
Krabbameinsfélag Akureyrar.

**Guðmundur Björnsson — Sigríður Steinþórsdóttir**
**Jón Trausti Björnsson — Álfhildur Vilhjálmsdóttir**
**Steingrímur Steingrímsson**
**Sig. Björgvin Björnsson — Ólína Aðalbjörnsdóttir**
**Hörður Geir Björnsson — Laufey Bragadóttir**
**Björg Björnsdóttir — Magnús Ingólfsson**
**og fjölskyldur.**



Ástkær eiginmaður minn, sonur,
faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir,
bróðir, mágur og afi,

**Gunnlaugur Kristjánsson**

forstjóri Björgunar og
eignarhaldsfélagsins Hornsteins,
sem lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi 2. september, verður jarðsunginn frá
Hallgrímskirkju föstudaginn 11. september kl. 13.00.

**Helga Sigrún Harðardóttir**
**Mekkín Guðnadóttir**
**Logi Gunnlaugsson — Elísabet Guðjónsdóttir**
**Íris Helgudóttir — Ómar F. Sigurbjörnsson**
**Bjarni Kristjánsson — Elísabet Guðmundsdóttir**
**Gunnar Á. Kristjánsson — Oddný Vatnsdal**
**Jón Guðni Kristjánsson**
**Sigrún Kristjánsdóttir — Haraldur Hauksson**
**og afabörn.**



Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Halldóra Ólafsdóttir**

áður Sjávargrund 15A,
Garðabæ,
lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann
31. ágúst. Útförin fer fram frá Garðakirkju,
miðvikudaginn 9. september kl. 15.00.

**Emil G. Einarsson — Halla Þórisdóttir**
**Ólöf H. Óladóttir — Ásgeir Mikkaelsson**
**Halldór Ragnar, Heiðar Atli, Katrín Klara,
Gerður Dóra, Auður, Ásgeir Óli.**

HVITA HÚSIÐ / SÍA

# HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT




**Skólajógúrt** er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrík**, inniheldur **trefjar** og fæst í fjórum bragðtegundum.

**Hrein Skólajógúrt** er góður valkostur fyrir þá sem vilja **engan viðbættan sykur**. Hana má bragðbæta með t.d. ávöxtum eða musli.

**Veldu það sem hentar fjölskyldu þinni.**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR




Í dag, þriðjudag, er útlit fyrir stífa suðaustanátt með rigningu um landið sunnan- og vestanvert, en hægara og jafnvel sólarglætur fyrir norðan og austan. Um kvöldið kemur fyrsta alvöru haustlægðin og hvessir þá heldur og bætir í úrkomuna. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast norðaustan til.




# Þrautir

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2 land
6 borðaði
8 tæki
9 hylur
11 tveir eins
12 snjó
14 húrra
16 skóli
17 svívirðing
18 fugl
20 samtök
21 staðarnafn

**LÓÐRÉTT**
1 elds
3 stefna
4 land í S-Ameríku
5 mjög
7 segulband
10 nálægt
13 of lítið
15 ættarsetur
16 skst.
19 tveir eins



**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** Kúba, **6.** át, **8.** tól, **9.** lón, **11.** ll, **12.** snævi, **14.** bravó, **16.** ma, **17.** níð, **18.** önd, **20.** aa, **21.** oddi.
**LÓÐRÉTT: 1.** báls, **3.** út, **4.** Bólivía, **5.** all, **7.** tónband, **10.** nær, **13.** van, **15.** óðal, **16.** möo, **19.** dd.

## Skák Gunnar Björnsson

Kusano lagði Haselar að velli þrátt fyrir að vera drottningu undir á laglegan hátt.



**Svartur á leik**
**1. ... Rxe3!** Hvítur gafst upp enda óverjandi mát. Barna- og unglingaæfingar flestra skákfélaga landsins eru að hefjast þessa dagana. Hægt að fylgjast með á www.skak.is.
**www.skak.is**
Ný skákstig.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 1 | 6 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 1 | 2 | 9 | 5 |
| 2 | 5 | 9 | 8 | 3 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 4 | 8 | 2 | 1 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 1 | 2 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 6 | 9 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 7 | 2 | 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 2 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 5 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 8 | 9 | 7 | 3 | 2 |
| 3 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 9 | 2 | 5 |
| 1 | 9 | 3 | 8 | 5 | 2 | 6 | 7 | 4 |
| 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 6 |
| 7 | 4 | 1 | 2 | 8 | 6 | 3 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 6 | 1 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 5 | 2 | 8 | 9 | 3 | 4 |
| 4 | 5 | 8 | 7 | 9 | 3 | 6 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 |
| 9 | 1 | 4 | 8 | 7 | 2 | 5 | 6 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 9 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 |






# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Ekki gleyma að láta skoða ferðavagninn!
Hafi vagninn ekki verið skoðaður fyrir 30. september næstkomandi leggst á hann vanrækslugjald hins opinbera.
TILBOÐ
15%
AFSLÁTTUR
TIL 30. SEPT.
Ísafjörður
Siglufjörður
Kópasker
Þórshöfn
Húsavík
Sauðárkrókur
Dalvík
Tálknafjörður
Blönduós
Akureyri
Vopnafjörður
Hvammstangi
Fellabær
Neskaupstaður
Búðardalur
Stykkishólmur
IS SE 16 789
JÚLÍ
ÁGÚST
SEPT.
Borgarnes
Akranes
Höfn
Höfuðborgarsvæðið
Reykjanesbær
Selfoss
Grindavík
Hvolsvöllur
Vestmannaeyjar
32
SKOÐUNAR-STÖÐVAR UM LAND ALLT
FRÍTT
WI-FI, LJÚFFENGT GÆÐAKAFFI OG LITABÆKUR FYRIR BÖRNIN Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR.
16
2016
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND
Bifreiðaskoðanir - allar tegundir ökutækja
Á ökutækjasviði Frumherja hf. er almennum skoðunum sinnt, s.s. aðalskoðunum, endurskoðunum, breytingaskoðunum, ástandsskoðunum og tjónaskoðunum. Einnig sinnir það skráningarstarfsemi vegna ökutækja, t.d. móttöku eigendaskiptatilkynninga, og veitir tæknilega þjónustu. Starfsemin er á öllu landinu og eru starfræktar 32 skoðunarstöðvar í þeim tilgangi.
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
- örugg bifreiðaskoðun um allt land











# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

## 8. SEPTEMBER 2015

### Uppákomur

**Hvað?** Útgáfuhóf
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið í Grófinni, Tryggvagötu 15
Útgáfa bókarinnar Nesti og nýir skór, úrval úr íslenskum barnabókum. Gestum er boðið upp á kaffi og konfekt. Hluti upplagsins verður gefinn öllum nemendum í fyrsta bekk en bókin geymir myndir, sögur og ljóð frá fyrri tímum.

**Hvað?** Dans í dimmu
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Dansverkstæðið, Skúlagötu 30
Klukkutími á þriðjudögum þar sem dansað, glaðst og svitnað er í myrkri. Kukkutími kostar 1.000 krónur. Kira Kira sér um tónlistina í kvöld.







Hljómsveitin Moses Hightower spilar á Húrra í kvöld.

### Tónlist

**Hvað?** Kvartett Önnu Grétu
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Kvartett píanóleikarans Önnu Grétu Sigurðardóttur kemur fram á jazzkvöldi. Sigurður Flosason leikur á saxófón, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Aukatónleikar Moses Hightower
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Hljómsveitin Moses Hightower efnir til aukatónleika á Húrra í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Dj Einar Sonic
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bravó, Laugavegi 22

**Hvað?** Trúbadorinn Arnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** English Pub, Austurstræti 12

**Hvað?** Trúbadorinn Ellert
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** American Bar, Austurstræti 8

**Hvað?** Karíókíkvöld
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu 22
Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Duo Harpverk
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rósenberg, Klappastíg 25

### Kvikmyndir

**Hvað?** Hjólasögur frá Havana
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Sæmundargötu 4
Heimildarmynd um hjólreiðar í höfuðborg Kúbu. Eftir sýningu myndarinnar situr kvikmyndagerðarkonan og háskólakennarinn Jennifer Hosek fyrir svörum á ensku. Myndin begður upp myndum af aðstæðum fjölmargra hjólreiðamanna í Havana en aðalsögumaður hennar er hjólreiða- og hjólaviðgerðarmaðurinn Virgilio sem segir sögu hjólreiða í borginni frá kreppuárunum eftir 1990 og til okkar daga. En í borginni eru fjölmörg hverfi þar sem hjól eru nær eini samgöngumátinn. Viðhald hjólanna telst mikilvægt starf og jafnvel listgrein.

### Málstofur

**Hvað?** Ríkissjóður: Verðtryggð eða óverðtryggð fjármögnun?
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1
Málstofa um mun á verðtryggðri og óverðtryggðri fjármögnun ríkissjóðs. Frummælandi er Kjartan Hansson, sérfræðingur í Seðlabanka Íslands á sviði markaðsviðskipta og fjárstýringar.

### Hreyfing

**Hvað?** Gong-slökun
**Hvenær?** 8.15
**Hvar?** Byoga Reykjavík, Nethyl 2
Byrjað verður á hugleiðslu og svo slakað á við tóna gongsins. Hægt verður að velja um að liggja á dýnu eða í hengirúmi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Reynsla af jóga er ekki nauðsynleg.

**Hvað?** Jóga fyrir byrjendur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Natha Yoga Center, Bolholti 4
Aðgangur ókeypis.

### Smiðjur

**Hvað?** Smiðja í skapandi skrifum
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15
Hálfsdags smiðja í skapandi skrifum. Verð fyrir eitt skipti er 3.000 krónur.

# Leika nokkra klassíska djassstandarda á Kexi í kvöld

Í kvöld kemur kvartett píanóleikarans Önnu Grétu Sigurðardóttur fram á djasskvöldi sem haldið er á Kexi Hosteli.

Djasskvöldin eru vikulegir viðburðir á hostelinu og hefur Anna spilað þar nokkrum sinnum áður, bæði ein og ásamt hljómsveit. „Núna verður þetta minn kvartett. Sigurður Flosason pabbi minn á saxófón, Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur,“ segir hún og heldur áfram: „Við ætlum að spila nokkra svona klassíska djassstandarda og nokkur vel valin lög eftir sönglagahöfundinn Jimmy Van Heusen. Þetta verður bara svona afslappað og spontant.“

Anna er búsett í Svíþjóð þar sem hún stundar framhaldsnám við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi en hún er nýkomin til landsins eftir að hafa spilað á skemmtiferðaskipi undanfarnar vikur.

„Ég var að spila á skemmtiferðaskipi í þrjár vikur við vesturströnd Grænlands. Þar spilaði ég ein þannig að ég hlakka mikið til að spila með hljómsveit,“ segir hún glöð í bragði og bætir við að hún reyni alltaf að spila á einhverjum tónleikum hér á landi þegar hún er stödd á Íslandi. „Ég reyni að gera sem allra mest af því. Það er gaman að spila með pabba, við spilum svolítið saman.“

**ÉG VAR AÐ SPILA Á SKEMMTIFERÐASKIPI Í ÞRJÁR VIKUR VIÐ VESTURSTRÖND GRÆNLANDS. ÞAR SPILAÐI ÉG EIN ÞANNIG AÐ ÉG HLAKKA MIKIÐ TIL AÐ SPILA MEÐ HLJÓMSVEIT.**

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 á Kexi Hosteli, Skúlagötu 28 og er aðgangur ókeypis.



**Anna stundar nám við Konunglega tónlistarháskólann í Stokkhólmi.** Mynd/Jonas



**Eyrún segir ákveðið frelsi felast í því að dansa í myrkri.** Fréttablaðið/Anton

## Dansað í dimmu

„Þetta er mjög einfalt, það er nefnilega málið,“ segir Eyrún Arnardóttir. Hún ásamt þeim Emma Sanderson, Emmy Winks og Rik McNair halda dansviðburðinn Dansað í dimmu. „Við komum saman í rými þar sem er hægt að gera tiltölulega mikið myrkur. Svo bara slökkvum við ljósin og dönsum í klukkutíma.“

Dansað í dimmu er gert að ástralskri fyrirmynd, No Lights No Lycra Perth og kynntist Eyrún því þegar hún var búsett í Ástralíu um stund en verður viðburðurinn nú í fyrsta sinn haldinn undir yfirskriftinni Dansað í dimmu.

Rúmt ár er síðan fyrsti viðburðurinn var haldinn og segir Eyrún talsverða aðsókn hafa verið í dansinn, þegar mest var mættu 40 manns. „Það var svolítið mikið,“ segir hún hlæjandi og bætir við að venjulega séu þau í kringum tuttugu talsins.

„Við höfum fengið fólk til að búa til playlista eða mix. Kira Kira gerir playlistann núna og svo hefur fólk úti í bæ haft samband og fengið að gera playlista og nokkrir plötusnúðar líka,“ en Eyrún segir tónlistina fjölbreytta en reynt sé að höfða til allra.

Hún segir ákveðið frelsi fólgið í því að dansa í almyrkvuðu rými og nauðsynlegt sé að skilja egóið eftir fyrir utan. „Þetta er bara klukkutími sem þú átt með sjálfum þér og dansar án þess að fólk horfi á þig og það er mjög frelsandi.“

Eyrún segir þau vinina hafa ákveðið að láta slag standa og starta myrkradansinum hér á Íslandi aðallega fyrir sjálf sig. „Okkur finnst rosalega gaman að dansa og ákváðum að prófa, bara fyrir okkur, og buðum fólki að koma.“

Dansað í dimmu hefst klukkan 19.00 í kvöld á Dansverkstæðinu, Skúlagötu 30. Þátttökugjald eru 1.000 krónur og enginn posi verður á staðnum. - **gló**

Örlátur maður hlýtur ríkulega umbun og **sá sem gefur öðrum að drekka fær þorsta sínum svalað...**

www.versdagsins.is



Bókmenntahátíð'15

VEISLA FYRIR LESENDUR Í IÐNÓ OG NORRÆNA HÚSINU 9.–12. SEPTEMBER

Lena Andersson / Andri Snær Magnason / Maziar Bahari / Bergsveinn Birgisson / Hassan Blasim / Teju Cole / Dave Eggers / Emil Hjörvar Petersen / Halldóra Thoroddsen / Jón Gnarr / Katja Kettu / Kristín Ómarsdóttir / Pierre Lemaitre / Lilja Sigurðardóttir David Mitchell / Nanna Rögnvaldardóttir / David Nicholls / Oddný Eir Ævarsdóttir / Ófeigur Sigurðsson / Óskar Árni Óskarsson Stine Pilgaard / Kim Stanley Robinson / Ana María Shua / Steinunn Sigurðardóttir / Timur Vermes / Vilborg Dagbjartsdóttir Vilborg Davíðsdóttir / Danny Wattin / Yrsa Sigurðardóttir / Þórdís Gísladóttir / Þórunn Erlu- og Valdimarsdóttir

KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á WWW.BOKMENNTAHATID.IS




21:00
**THE CASUAL VACANCY**
Þegar Barry Fairbrother, bæjarfulltrúi í breska bænum Pagford lætur skyndilega lífið eru margir bæjarbúar sem sækjast eftir starfi hans. En leyndarmálin liggja í hverju horni! Frábærir þættir byggðir á metsölubók J.K. Rowling.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

19:50
**HJÁLPARHÖND**
Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku sem fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi.



20:15
**EMPIRE**
Spennandi þættir um Lucious Lyon sem státar af mikilli velgengni í tónlistarheiminum þegar hann greinist með alvarlegan sjúkdóm.



22:00
**THE STRAIN**
Dulmagnaðir þættir þar sem baráttan milli manna og vampíra heldur áfram.



22:00
**DALLAS BUYERS CLUB**
Ron Woodroof greindist með alnæmi árið 1985 og þetta er saga manns sem barðist við kerfið til að fá rétt lyf fyrir sýkta einstaklinga.



3 | 20:20
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



Krakka stöðin | 07:00-20:30
**BARNAEFNI ALLA DAGA**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**



# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Junior Masterchef Australia
**08.50** The Middle
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Suits
**11.00** Silicon Valley
**11.30** The World's Strictest Parents
**12.35** Nágrannar
**13.00** Britain's Got Talent
**14.05** Britain's Got Talent
**15.05** Touch
**15.50** The Amazing Race
**16.35** Teen Titans Go
**16.55** Bad Teacher
**17.15** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Anger Management
**19.50** Hjálparhönd Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Stórfin eru jafnólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.
**20.10** Empire
**21.00** The Casual Vacancy Vandaðir breskir þættir úr smiðju HBO, byggðir á metsölubók J.K. Rowling. Þættirnir fjalla um líf íbúa bæjarins Pagford í Bretlandi en þegar Barry Fairbrother bæjarfulltrúi lætur lífið eru þó nokkrir sem sækjast eftir sæti hans í bæjarráðinu. Það eru leyndarmál í hverju horni og allir virðast hafa eitthvað að fela.
**22.00** The Strain
**22.45** Louie
**23.10** Covert Affairs
**23.50** Mistresses
**00.35** Rita
**01.20** Major Crimes
**02.00** Mandela. Long Walk to Freedom
**04.25** Think Like a Man too



Hjálparhönd kl. 19.50

## STÖÐ 3

**18.35** Baby Daddy
**19.00** World's Strictest Parents
**20.00** Suburgatory
**20.20** One Born Every Minute
**21.10** Justified.
**21.55** The Last Ship
**22.40** Legit
**23.05** The Originals.
**23.45** The Mysteries of Laura
**00.30** World's Strictest Parents
**01.30** Suburgatory
**01.50** One Born Every Minute
**02.40** Justified
**03.20** The Last Ship
**04.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN



Latibær kl. 18.25

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Leyndarmál vísindanna
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.49** Tommi og Jenni
**08.55** UKI
**09.00** Ofurhundurinn Krypto
**09.22** Lína langsokkur
**09.47** Stóri og Litli
**10.00** Ævintýri Tinna
**10.25** Latibær
**10.47** Zigby
**11.00** Dóra könnuður Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Leyndarmál vísindanna
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Tommi og Jenni
**12.55** UKI
**13.00** Ofurhundurinn Krypto
**13.22** Lína langsokkur
**13.47** Stóri og Litli
**14.00** Ævintýri Tinna
**14.25** Latibær
**14.47** Zigby
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Leyndarmál vísindanna
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Tommi og Jenni
**16.55** UKI
**17.00** Ofurhundurinn Krypto
**17.22** Lína langsokkur
**17.47** Stóri og Litli
**18.00** Ævintýri Tinna
**18.25** Latibær
**18.47** Zigby
**19.00** Ferðin til tunglsins

## BÍÓSTÖÐIN

**12.20** Last Chance Harvey
**13.55** Ghostbusters
**15.40** Butter Gamanmynd frá 2011 með Jennifer Garner, Ty Burrell, Olivia Wilde, Ashley Greene, Alicia Silverstone og Hugh Jackman í aðalhlutverkum. Sagan gerist í miðvesturríkjum Bandaríkjanna og fjallar um fólk sem er einstaklega hæfileikaríkt í að skera út í smjör. Listaverkin eru einstök, dramatíkin ótrúleg og samkeppnin nær út fyrir öll velsæmismörk.
**17.10** Last Chance Harvey
**18.45** Ghostbusters
**20.30** Butter
**22.00** Dallas Buyers Club Þreföld Óskarsverðlaunamynd frá 2013 sem segir sögu rafvirkjans Ron Woodroof, venjulegs manns sem lenti í baráttu upp á líf og dauða við heilbrigðiskerfið og lyfjafyrirtækin. Árið 1985 var Ron greindur með alnæmi og sagt að hann ætti skammt eftir. Ron brást við á sinn hátt og keypti ýmiss konar lyf alls staðar að úr heiminum, bæði lögleg og ólögleg. Í kjölfarið stofnar hann kaupendaklúbb fyrir aðra HIV-smitaða sem fengu þar með aðgang að þeim birgðum sem Ron sankaði að sér. Matthew McConaughey fékk Óskarsverðlaunin sem besti aðalleikari í myndinni og Jared Leto fékk Óskarsverðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki.
**23.55** Winter's Tale
**01.50** The Possession
**03.25** Dallas Buyers Club

## RÚV

**11.00** Setning Alþingis
**12.00** EM stofa
**12.20** Serbía-Ísland Bein útsending frá leik Íslands og Serbíu í lokakeppni Evrópumótsins í körfubolta. Leikið er í Berlín.
**14.10** EM-stofa
**15.30** Þýskaland-Tyrkland
**17.40** Melissa og Joey
**18.00** Vísindahorn Ævars
**18.05** Landakort
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Flótti á Miðjarðarhafi
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Stefnuræða forsætisráðherra.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** EM-stofa
**22.40** Kóðinn
**23.35** Flótti á Miðjarðarhafi
**00.05** Vitnin
**01.05** Fréttir
**01.20** Dagskrárlok

## SPORT

**11.45** Ísland - Kasakstan
**13.35** Finnland - Færeyjar
**15.15** Rúmenía - Grikkland
**16.55** Armenía - Danmörk
**18.35** Svíþjóð - Austurríki Bein útsending
**20.45** NBA Special. Clutch City
**22.00** Slóvakía - Úkraína
**23.40** Svíþjóð - Austurríki

## SPORT 2

**07.30** Skotland - Þýskaland
**11.35** Chelsea - Crystal Palace
**13.25** Newcastle - Arsenal
**15.05** Goðsagnir - Tryggvi Guðmundsson
**16.00** Swansea - Man. Utd.
**17.40** Premier League Review 2015
**18.35** England - Sviss Bein útsending
**20.45** Skotland - Þýskaland
**22.25** Tottenham - Everton
**00.10** England - Sviss

## GOLFSTÖÐIN

**08.00** PGA Tour 2015
**14.30** LPGA Tour 2015
**15.50** Golfing World 2015
**16.40** PGA Tour 2015 - Highlights
**17.35** PGA Tour 2015

## GULLSTÖÐIN

17:25 Strákarnir
17:55 Friends
18:20 New Girl Þriðja þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig.
18:45 Modern Family
19:05 How I Met Your Mother
19:30 Veggfóður
20:15 Tossarnir
21:00 Grey's Anatomy
21:45 Fringe
22:25 Cold Case
23:10 Chuck
23:55 Veggfóður
00:40 Tossarnir
01:20 Fringe
02:05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Pepsi MAX tónlist
**13.30** Cheers
**13.55** Dr. Phil
**14.35** The Office
**15.00** Top Chef
**15.45** The Good Wife
**16.25** Eureka
**17.05** America's Next Top Model
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Talk
**19.10** Catfish
**19.55** Welcome to Sweden
**20.15** Reign
**21.00** Parenthood
**21.45** Ray Donovan
**22.30** American Odyssey
**23.15** Girlfriends' Guide to Divorce
**00.00** Satisfaction
**00.45** Parenthood
**01.30** Ray Donovan
**02.15** Lucky Number Slevin
**04.05** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



BL
ALLA VIRKA DAGA 18:55
ÍSLAND Í DAG
BEINT Á EFTIR FRÉTTUM
FJÖLBREYTTUR OG SKEMMTILEGUR DÆGURMÁLAÞÁTTUR
Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA
365.is | Sími 1817
365

# Alma í stúdíóinu með Scott Storch

Samstarfið gengur vel. Scott Storch er mjög virtur upptökustjóri og hefur unnið með mörgum af stærstu stjörnum heims.

Það er frábært tækifæri að fá að vinna með svona stórum pródúser og líka ákveðin pressa að sanna sig því hann er alla jafna að vinna með stærstu lagahöfundum og „artistum“ í heimi,“ segir Alma Guðmundsdóttir, einnig þekkt sem Alma Goodman, um hvernig það var að vinna með upptökustjóranum Scott Storch. Saman vinna þau að tónlist fyrir söngkonuna Brooke Adams, en Scott Storch er gríðarlega þekktur og virtur í heimi hiphop- og RnB-tónlistar.

Undanfarið hefur Alma samið tónlist fyrir söngkonuna Brooke Adams. „Hún er virkilega hæfileikarík og það er búið að vera mjög gaman að vinna með henni. Eigandi plötufyrirtækisins sem hún er á samningi hjá, Anthony West, var í sambandi við Scott og hann hafði strax áhuga á verkefninu. Það var því ákveðið með eins dags fyrirvara að hann kæmi frá Miami til LA og þeir bókuðu Paramount-stúdíóið til að vinna í þrjá daga.“

Alma segir að hæfileikar Scotts Storch hafi strax komið í ljós, um leið og hann byrjaði að vinna með þeim Brooke. „Hann byrjaði á því að pródúsera lag sem ég var búin að semja með henni og það var gaman að heyra hvað hann tók það á næsta level, en Brooke er einmitt að fara að taka upp sitt fyrsta myndband við það lag eftir tvær vikur. Hann gerði svo „track“ við ballöðu sem ég samdi texta og laglínu við og bíð spennt eftir að heyra það lag fullklárað. Planið var að gera nokkurra laga EP en eftir þessar sessjónir var ákveðið að gera heila plötu.“ Þegar allir í stúdíóinu tóku sér hlé frá vinnu fengu þeir að heyra það nýjasta sem Scott Storch er að vinna að. „Hann spilaði fyrir okkur lögin sem hann er að fara að gefa út með Chris Brown, Mario og Rick Ross.“

Alma, sem áður var í hljómsveitunum The Charlies og Nylon, vinnur nú að mestu við lagasmíðar. Hún er búsett í Los Angeles en semur lög fyrir sveitir og listamenn um allan heim. „Í lok september kemur út lag sem ég samdi ásamt Jimmy Wong „Gladius“ fyrir stelpuband sem heitir Sweet California, en sveitin er með samning við Warner á Spáni. Ég er líka reglulega að semja lög fyrir norskan markað sem við Klara Ósk Elíasdóttir gerum mikið af í samstarfi. Við erum svo líka að vinna í hennar eigin tónlist. Mig langar líka að halda tengslum við íslenska tónlist og það var gaman að fá tækifæri til að semja með Öldu Dís og StopWaitGo um daginn fyrir plötuna hennar Öldu.“

kjartanatli@365.is


Alma segir það frábært tækifæri að fá að vinna með Storch. Mynd/Alma

**HANN BYRJAÐI Á ÞVÍ AÐ PRÓDÚSERA LAG SEM ÉG VAR BÚIN AÐ SEMJA MEÐ HENNI OG ÞAÐ VAR GAMAN AÐ HEYRA HVAÐ HANN TÓK ÞAÐ Á NÆSTA LEVEL.**

## HVER ER SCOTT STORCH?

Upptökustjórinn og taktsmiðurinn Scott Storch varð þekkt nafn í hiphop-geiranum skömmu eftir aldamót. Hann var áður hljómborðsleikari hljómsveitarinnar The Roots. Hann varð fyrst þekktur fyrir að semja píanó-stefið í laginu Still D.R.E., sem margir þekkja. Hann samdi taktana í lögum á borð við Lean Back með Fat Joe, Let Me Love You með Mario og Candy Shop með 50 Cent. Hann samdi einnig lögin Naughty Boy, Naughty Girl og Me, Myself and I með Beyncé.

Scott Storch flaug hátt á þeim árum sem honum gekk vel. Bandarískir fjölmiðlar greindu frá því að hann hafi keypt sér einkaþotu, 117 feta skútu og tuttug lúxusbíla. Einnig hefur verið fjallað ítarlega um kókaínfíkn upptökustjórans og greindi fréttastofa MTV frá því að hann hefði keypt tíu af þessum tuttugu lúxusbílum á meðan hann var í kókaínvímu. Storch hefur tvisvar lýst yfir gjaldþroti og nokkrum sinnum farið í meðferð vegna fíknar sinnar.






Mest seldu sendibílar Evrópu

> Gríðarsterk sendibílalína Ford

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

**Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig. Veldu traust umboð með einstöku þjónustu-framboði fyrir bíla- og tækjaflota.**

*Eigum 18 sæta Transit rútur ásamt Transit sendibílum til afhendingar strax.*

FORD **TRANSIT CONNECT** FRÁ **2.379.032** KR. ÁN VSK FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR

FORD **TRANSIT CUSTOM** FRÁ **3.491.935** KR. ÁN VSK FÁANLEGUR 9 SÆTA

FORD **TRANSIT VAN** FRÁ **4.431.452** KR. ÁN VSK FÁANLEGUR AWD

20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. $CO_2$ losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. $CO_2$ losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk.
Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. $CO_2$ losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# SAMSUNG

# Til hamingju Ísland

**Sögulegur árangur íslenska landsliðsins í fótbolta gleður okkur öll og við verðum í afsláttarskapi út vikuna. Njóttu þess.**




*48" eða 55" Samsung 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

UE**48**JU6415 **kr.189.900.-**
UE**55**JU6415 **kr. 239.900.-**




*43" Samsung SMART sjónvarp með þráðlausu interneti.*

UE**43**J5505AK **kr. 99.900.-**




*55" og 65" Samsung 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

UE**55**JU7005 **kr.249.900.-**
UE**65**JU7005 **kr. 489.900.-**




*55" og 65" Samsung 4K UltraHD sjónvarp með þráðlausu interneti*

UE**55**JU7505 **kr.349.900.-**
UE**65**JU7505 **kr. 519.900.-**

# SAMSUNG
## SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | REYKJAVÍK | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 530 2800 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |

# Hvar fögnuðu strákarnir?



**Að sjálfsögðu fögnuðu landsliðsmennirnir okkar frábærum áfanga, þegar þeir tryggðu sér sæti á Evrópumótinu í knattspyrnu sem fram fer í Frakklandi næsta sumar. Lífið tók saman hvert þeir fóru og hvað þeir gerðu þetta eftirminnilega septemberkvöld.**


SKIPULAGSDAGURINN 2015

verður haldinn 17. september á Hilton Reykjavik Nordica

Til Skipulagsdags er boðið sveitarstjórnarmönnum, starfsfólki sveitarfélaga, skipulagsráðgjöfum, stofnunum og öðrum sem koma að skipulagsgerð. Meginviðfangsefni Skipulagsdagsins 2015 eru tengsl skipulags við vindorkunýtingu, ferðamannastaði og búsetumynstur.

**Skráning þátttöku er á skipulagsstofnun.is til 10. september.**

09:30 Ávarp
Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra

09:45 Af vettvangi skipulagsmála
Hafdís Hafliðadóttir, staðgengill forstjóra Skipulagsstofnunar.

10:00 Vindorkubú – reynsla frá Skotlandi
Graham Marchbank, Principal Planner, Scottish Government.

11:00 Framkvæmd laga – ný lög og úrskurðir
Ottó Björgvin Óskarsson, Skipulagsstofnun.

11:25 Ímynd og skipulag
Matthildur Elmarsdóttir, Alta ráðgjöf.

11:50 Skipulagsábyrgð sveitarfélaga og hlutverk ríkisins
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12:15 Hádegishlé

13:15 Vinnustofa A, Vindorka og skipulag
Framsaga Sigurður Ásbjörnsson, Skipulagsstofnun.
Viðbrögð frá Pétri Inga Haraldssyni skipulagsfulltrúa Uppsveita og Önnu G. Sverrisdóttur verkefnastjóra SAF.
Umræðustjóri, Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra.

Vinnustofa B, Ferðamannastaðir og skipulag
Framsaga Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri.
Viðbrögð frá Helga Héðinssyni formanni skipulagsnefndar Skútustaðahrepps og Kristni Jónassyni bæjarstjóra Snæfellsbæjar.
Umræðustjóri Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri Hveragerðisbæjar.

Vinnustofa C, Búsetumynstur og skipulag
Framsaga Guðmundur Kristján Jónsson, Borgarbragur ehf.
Viðbrögð frá Salvöru Jónsdóttur skipulagsfræðingi og Hrafnkeli Proppé svæðisskipulagsstjóra SSH.
Umræðustjóri Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúi og formaður umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar.

16:00 Fundarlok

Skipulagsstofnun
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatli@frettabladid.is




Íslensku landsliðsmennirnir í knattspyrnu fögnuðu vel og innilega eftir að hafa tryggt liðinu þátttökurétt á Evrópumótinu í knattspyrnu. Eins og frægt er orðið er það í fyrsta sinn sem karlaliðið nær þessum áfanga. Strákarnir tóku þátt í skipulagðri dagskrá til miðnættis á sunnudagskvöld en héldu þá á skemmtistaði í miðbænum og þaðan í eftirpartí. Lífið tók saman hvernig kvöldið var.

**20:45**
Leik lýkur og strákarnir fagna innilega á Laugardalsvellinum. Góður tími fer í viðtöl og fleira. Þaðan fara strákarnir í sturtu og hafa sig til fyrir fagnaðarlæti kvöldsins.



**21:55**
Strákarnir mæta á Ingólfstorg þar sem aðdáendur taka vel á móti þeim. Áður höfðu nokkrir af helstu skemmtikröftum og tónlistarmönnum landsins hitað íslenska knattspyrnuunnendur vel upp. Helstu ráðamenn landsins voru mættir og lýsti forsætisráðherra því yfir í gríni að skemmtistaðir borgarinnar yrðu opnir lengur en til eitt eins og lög mæla fyrir um.

**22:20**
Landsliðsmennirnir fara upp í rútu sem skutlar þeim í Gamla bíó. Þar snæða þeir ásamt mökum sínum, þjálfaraliðinu, starfsmönnum KSÍ og fleiri sem eru í kringum liðið. Á meðan eru fjölmargir stuðningsmenn fyrir utan eða inni á Íslenska barnum, sem er beint á móti Gamla bíói. Laust fyrir miðnætti ávarpaði Lars Lagerbäck, þjálfari liðsins, stuðningsmenn. Aron Einar Gunnarsson leiddi svo allan hópinn í skemmtilegum fagnaðarópum og söngvum.



**00:00**
kringum miðnætti fara landsliðsmennirnir að tínast út úr Gamla bíói. Fjölmargir halda á b5, eins og við var að búast. Þar eru margir þekktir mættir til að fagna með þeim. Þar á meðal Gunnar Nelson UFC-kappi, Auðunn Blöndal sjónvarpsmaður, Steindi jr. grínisti og Ágúst Bent rappari. Einnig eru margir aðrir þekktir knattspyrnumenn á staðnum og er stemningin mjög góð. Mikið er sungið. Meðal annars þjóðsönginn, Ferðalok og ýmis þekkt stuðningsmannalög. Lagið N*ggas in Paris, með Kanye West og Jay-Z var einnig mikið leikið, enda viðeigandi því landsliðið er á leið til Frakklands. Að sögn viðstaddra voru landsliðsmennirnir í einstaklega góðum gír og gáfu sér góðan tíma til að ræða við stuðningsmenn.

Á sama tíma og margir voru á b5 var fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson ásamt Kristbjörgu Jónasdóttur, kærustu sinni, og rappgoðsögninni Erpi Eyvindarsyni á Prikinu. Aron er þekktur unnandi íslenskrar rapptónlistar og voru fjölmörg íslensk rapplög leikin þetta kvöld. Aron er annálaður aðdáandi sveitarinnar eftirminnilegu Skyttnanna, sem er frá Akureyri eins og hann.

**02:00**
Eins og frægt er orðið mætti lögreglan á b5 og vísaði fólki á dyr. Að sögn viðstaddra var nokkuð erfitt að koma öllum út og gripu skemmtanaþyrstir gestir staðarins til frasa úr myndinni Straight Outta Compton, sem fjallar meðal annars um baráttu rappsveitarinnar N.W.A. við bandaríska lögreglumenn. Þó skal tekið fram að margir sem blaðamaður Fréttablaðsins ræddi við hrósuðu lögreglumönnum og sögðu þá hafa verið til fyrirmyndar.



**Eftir að b5 er lokað**
halda einhverjir landsliðsmenn í eftirpartí í skrifstofu Total Football, sem er við Skólavörðustíg. Þar eru einnig nokkrir aðdáendur liðsins og er fagnað eitthvað fram eftir. Flestir landsliðsmannanna gistu á hótelum í borginni. Hluti hópsins á Hilton og einhverjir á Grand hóteli.


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjalti Egilsson *hjalti@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir *geira@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


★★★★★
NEW YORK TIMES
★★★★★
VARIETY
★★★★★
SAN FRANCISCO CHRONICLE
★★★★★
CHICAGO TRIBUNE
★★★★★
WASHINGTON POST
★★★★★
TAMPA BAY TIMES
★★★★★
VILLAGE VOICE
★★★★★
HITFIX
★★★★★
SALON.COM
PAUL DANO
IS BRIAN WILSON
JOHN CUSACK
IS BRIAN WILSON
"PAUL DANO IS UNCANNY AS THE YOUNG BRIAN WILSON."
-MIKE HOGAN, VANITY FAIR
"JOHN CUSACK GIVES ONE OF THE BEST PERFORMANCES OF HIS CAREER."
-JOHN DEFORE, THE HOLLYWOOD REPORTER
LOVE & MERCY
MUSIC WAS HIS ONLY HOPE FOR SURVIVAL.
FRUMSÝND 11. SEPTEMBER
ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN
KRINGLAN SAMBÍÓIN
AKUREYRI SAMBÍÓIN
KEFLAVÍK SAMBÍÓIN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing
**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## Takk, Lagerfeld!

Ég held að íþróttaunnendur geri sér ekki grein fyrir álaginu sem fylgir landsliðsleikjum. Á okkur hinum. Þið eruð glöð og full af orku en við erum ráðvillt, tætt og óskóp óörugg. Og samviskubitið. Maður minn.

Maður upplifir sig fullkomlega útundan og fær ítrekað á tilfinninguna að maður sé að missa af einhverju stórkostlegu. Ég verð spennt á öðrum stöðum en allir hinir. Ég spyr: Hvað? Hvað? þegar allir taka fyrir andlitið en enginn svarar mér heldur snúa þeir sér að einhverjum öðrum og andskotast í kór. Allt í einu er ég farin að plokka af mér naglalakkið eða rúlla í gegnum Facebook þar til ég ranka við mér full af skömm yfir að hafa misst af stærsta mómentinu – þessu sem ég var búin að bíða eftir í hálftíma.

Svo gerist ég ítrekað taktlaus og hringi í fólk til að spjalla á fullkomlega vitlausum tímum eða sendi skilaboð sem virðast hverfa út í loftið og uppsker mikla höfnunartilfinningu. Á sunnudaginn lá mér mikið á hjarta og þar sem vinum mínum þykir óskóp vænt um mig var mér ekki sagt að halda kjafti en þá langaði óskóp mikið til þess. Þeir horfðu í gegnum mig og sögðu já og nei á kolvitlausum stöðum. Það var sárt.

En ég er hópsál og svo stolt af afreksfólkinu okkar. Ég hef því lagt ýmislegt á mig. Lærði til dæmis skipulega öll nöfnin á landliðsmönnunum í handbolta, las mér til um þá og gerði að „strákunum mínum“. Var farin að geta sagt: „Ohh, Guðjón Valur er svo svona,“ og „Vá, týpískur Robbi Gunn!“ Svo er núna heilt fótboltalið sem ég veit ekki nöfnin á, veit ekki hvaða stöðu þeir spila og bugast svolítið því þeir eru rosalega margir og svo sjaldan í nærmynd í sjónvarpinu þannig að maður sér aldrei andlitin. Svo kalla ég þjálfarann alltaf Lagerfeld og er farin að óttast um að það muni á endanum koma mér í alvarleg vandræði.

Já, það sem á mann er lagt.


*Opið allan sólarhringinn*
*í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka*
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland






**YFIRBURÐIR**
**Fréttablaðsins staðfestir**
**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015





**Allt sem þú þarft ...**



# Setjum heilsuna í fyrsta sæti
## Gerðu gæða- og verðsamanburð




KORTER.IS

**IQ-CARE**
**Ein besta heilsudýna í heimi**
**Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum**

REVERIE 3E Essential með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 349.900.-**

REVERIE 7S Supremem með
Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 449.900.-**

Kíktu á www.reverie.com

Reverie®
Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu heilsudýnum

- Tvíhert stálgrind
- Einföld og þægileg fjarstýring
- Hljóðlátir og kraftmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.

**Frábær hönnun**

- Hægt er að fá aukabúnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- Glæsileg fjarstýring með standi.
- Tvær innstungur á baki til að hlaða farsíma, fartölvu o.fl.
- Einnig hægt að tengja borðlampa o.fl.

Vinsælu rafstillanlegu hvíldarstólarnir og sófarnir komnir aftur.
Leður á slitflötum. Einstaklega þægilegir. Nokkrir litir.



Rafdrifinn hvíldarsófi
**aðeins kr. 219.900.-**
Rafdrifinn hvíldarstóll
**aðeins kr. 119.900.-**

Lyftustólinn vinsæli komin aftur
Verð aðeins **kr. 109.900.-**

**Stillanlegir hvíldarstólar**
**Verð frá kr. 89.900.-**

*Verona*
Lúxus rafstillanlegur tungusófi með þykku vönduðu leðri. Hægri eða vinstri tunga.
Verð kr. 499.000.-
**Kynningarverð aðeins kr. 399.200.-**


Baldursnesi 6 - Akureyri


Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

**12 mán.** vaxtalausar greiðslur*

**www.svefn.is**

Svefn & heilsa
★★★★★
**Fimm stjörnu verslun**
**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum